



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2016



Mynd á forsíðu

Myndina tók Hjörleifur Jónsson með flygildi ofan við styttuna af Sæmundi á selnum, framman við aðalbyggingu Háskóla Íslands. Myndin birtist í kynningarmyndbandi um vefgáttina málið.is



Ungur gestur sem reyndi sig á skrifarastofu í miðaldastil á afmælisdegi Árna Magnússonar, 13. nóvember 2016.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur	2
Skipulag	4–5
Málið.is	6–7
Heimur í brotum – alþjóðleg ráðstefna í Viðey	8
Opnun Íslensks orðanets	9
Gagnasöfn	10–11
Rannsóknir og útgáfa	12–18
Miðlun og kennsla	19–21
Samstarf innanlands	22–24
Alþjóðlegt samstarf	25–27
Viðburðir 2016	28–31
Opið hús og fyrirlestur í Hofi á Akureyri	32



INNGANGUR

Ársskýrsla ársins 2016 rekur fjölbreytta starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á síðasta ári. Á árinu fagnaði stofnunin einnig tíu ára afmæli sínu – en hún var sett á fót haustið 2006 við sameiningu fimm stofnana á vettvangi íslenskra fræða sem hver og ein áttu sér langa sögu: Orðabókar Háskólans (frá 1946), Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi (áður Handritastofnun Íslands frá 1962), Örnefnastofnunar (frá 1969), Íslenskrar málstöðvar (frá 1985) og loks Stofnunar Sigurðar Nordals (frá 1986).

Starfsfólk lagðist á eitt að bjóða upp á áhugaverða dagskrá á haustmánuðum til að vekja athygli á starfi stofnunarinnar og þeim söfnum sem hún varðveitir, eflir og miðlar. Stærstu áfangarnir voru opnun Orðanetsins í október og nýju vefgáttarinnar www.malid.is á degi íslenskrar tungu 16. nóvember – en ítarleg umfjöllun er um þessi verkefni í ársskýrslunni. Ný útgáfa af Björgum, grunnnámskeiði Icelandic Online var einnig opnuð í september. Bókin *Konan kemur við sögu* kom út í október og í sama mánuði var haldin alþjóðleg ráðstefna um eina af gersemum handritasafnsins, alfræðihandritið GKS 1812 4to, sem kom úr Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn. Þingið var haldið í Viðey en talið er að handritið hafi tengst Ágústínaklaustrinu þar á miðöldum.

Árnastofnun leggur ríka áherslu á gott samstarf við aðila um allt land og víðs vegar um heiminn og rekur ársskýrslan helstu vörðurnar á síðasta ári. Samfélagsmiðlar auðvelda vitaskuld miðlun rannsókna og gagna og gefur stofnunin auk þess út rafrænt fréttabréf mánaðarlega. En rafræn miðlun kemur ekki í stað beinna samskipta og því var ákveðið að halda afmælisdag Árna Magnússonar hátíðlegan sunnudaginn 13. nóvember á Akureyri. Boðið var upp fjölbreytta og vel sóttu dagskrá í Menningarhúsinu Hofi. Verður haldið áfram með heimsóknir og kynningar á starfseminni út á land, en síðustu árin hefur safnkennari stofnunarinnar farið um allt land og kennt grunnskólabörnum um handritin og gerð þeirra.

Á afmælisárinu var tilkynnt um að framkvæmdir héldu áfram við Hús íslenskunnar á árinu 2017 og hefur nú verið gerð tímasett og fjármögguð framkvæmdaáætlun. Ekki þarf að fjölyrða hvílík lyftistöng hin nýja bygging á gamla Melavellinum verður fyrir rannsóknir og kennslu í íslenskum fræðum – en ekki síður löngu tímabær og lifandi vettvangur miðlunar og sýninga fyrir íslenskan almenning og ferðamenn.

Spennandi tímar fara í hönd.

Guðrún Nordal forstöðumaður

FASTRÁÐNIR STARFSMENN 2016



Antonio Costanzo



Guðrún Nordal



Kári Kaaber



Steinþór Steingrímsson



Ari Páll Kristinsson



Guðvarður Már Gunnlaugsson



Kristín Bjarnadóttir



Svanhildur María Gunnarsdóttir



Ágústa Þorbergsdóttir



Halldóra Jónsdóttir



Kristín Una Friðjónsdóttir



Svanhildur Óskarsdóttir



Ásta Svavarsdóttir



Hallgrímur J. Ámundason



Margrét Eggertsdóttir



Úlfar Bragason



Eva María Jónsdóttir



Haukur Þorgeirsson



Ólöf Benediktsdóttir



Þórdís Ulfarsdóttir



Gísli Sigurðsson




Hjördís Erna Sigurðardóttir



Ríkarður Owen



Þórunn Sigurðardóttir



Guðmundur G. Guðmundsson



Jóhanna Ólafsdóttir



Rósa Þorsteinsdóttir



Guðrún Ása Grímsdóttir



Jóhannes B. Sigtryggsson



Signe Hjerrild Smedemark



Guðrún Laufey Guðmundsdóttir



Jón Hilmar Jónsson




Soffía Guðný Guðmundsdóttir

Starfsfólk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

SKIPULAG

SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra með stjórn sem er forstöðumanni til ráðgjafar.

STJÓRN OG STARFSLIÐ 2016

Stjórn

Þorsteinn Pálsson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands.

Fastráðnir starfsmenn voru á árinu 2016 alls 34. Unnið var að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar. Starfsstöðvar hennar eru á þremur stöðum í Reykjavík: Árnagarði við Suðurgötu, Laugavegi 13 og Þingholtsstræti 29. Þrjú starfsmenn voru ráðnir tímabundið í sumarátak á vegum Vinnumálstofnunar og auk þess hlutu stúdentar styrki til ákveðinna verkefna sem þeir unnu að í styttri tíma. Fjöldi gestafræðimanna hafði aðstöðu á stofnuninni á árinu sem og

doktorsnemar og fyrrverandi starfsmenn. Ritstörf og erindi starfsmanna 2016 eru birt í vefútgáfu ársskýrslunnar, www.arnastofnun.is/page/ársskýrslur.

Forstöðumaður

Guðrún Nordal prófessor.

Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Kristín Una Friðjónsdóttir deildarstjóri.

Handritasvið

Svanhildur Óskardóttir, rannsóknardósent og stofustjóri, Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor, Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent, Haukur Þorgeirsson rannsóknardósent, Jóhanna Ólafsdóttir ljósmyndari, Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor, Signe Hjerrild Smedemark forvörður, Svanhildur María Gunnarsdóttir safnkennari, Þórunn Sigurðardóttir rannsóknarlektor.



Formaður Starfsmannafélags Árnastofnunar afhendir forstöðumanni innrammað plöntusafn 1. september 2016. Tilefnið var að þann dag voru liðin 10 ár frá sameiningu 5 stofnana í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur, Jóhannes B. Sigtryggsson rannsóknarlektor.

Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, verkefnisstjóri og stofustjóri, Hjördís Erna Sigurðardóttir verkefnisstjóri.

Orðfræðisvið

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent og stofustjóri, Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri, Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor, Kristín Bjarnadóttir rannsóknardósent, Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri.

Þjóðfræðisvið

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor og stofustjóri, Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor.

Stjórnsýslusvið

Kári Kaaber fjármálastjóri, Antonio Costanzo öryggisvörður, Eva María Jónsdóttir, vef- og kynningarstjóri, Elvar Sigurgeirsson ræstítæknir, Guðmundur G. Guðmundsson öryggisvörður, Helga Ingvarsdóttir ræstítæknir, Ríkarður Owen öryggisvörður, Soffía Guðný Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Steinþór Steingrímsson verkefnisstjóri.

Bókasafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir bókaforráðgjafi.

Samverkamenn og verkefnaráðnir við stofnunina

Bjarki Karlsson, Emily Lethbridge, Guðbjörg Kristjánsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Helgi K. Grimsson, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Katelin Parsons, Kristján Friðbjörn Sigurðsson, Ludger Zeevaert, Þórður Ingi Guðjónsson.



Loftmynd frá Nauthólsvik úr kynningarmyndbandi um vefgáttina málið.is

MÁLIÐ.IS

Vefgáttin málið.is var opnuð í Hörpu á hátíðardagskrá á degi íslenskrar tungu 2016 og hefur verið ákaflega vel tekið. Vefgáttin nýttist þeim sem vilja treysta málnotkun sína í ræðu og riti og fræðast um íslenskt mál; ritun, beygingar, orðaforða, merkingu og uppruna orða, orðasambönd, mismunandi orðalag og margt fleira.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og samstarfsaðilar hennar hafa yfir að ráða viðamiklum og verðmætum rafrænum gögnum en þau eru með mismunandi sniði. Markmiðið með málið.is er að auðvelda notendum að finna upplýsingar um mál og málfar með því að beina þeim inn í viðeigandi gagnasöfn um mál, hvort sem þeir sitja við tölvu, nota snjallsíma eða spjaldtölvu. Með vefgáttinni málið.is þarf notandinn aðeins einn einfaldan aðgang til að finna gögn úr þeim öllum í einu.

Gögnin á bak við málið.is eru í fyrstu: *Stafsetningar-orðabókin 2.* útgáfa, *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*, *Íslensk orðsifjabók*, *Málfarsbankinn* með málfarsleiðbeiningum, *Íðorðabanki Árnastofnunar* með fræðihugtökum úr sérgreinum og *Íslensk nútímamálsorðabók* (í vinnslu) sem er byggð á rafrænu margmála orðabókinni Íslex. Í framhaldinu

verður efniviðurinn í málið.is enn ríkulegri og munar mikið um *Íslenskt orðanet* en vinna við að koma því inn í málið.is er á lokastigi.

Halldóra Jónsdóttir, orðabókarritstjóri og verkefnisstjóri á Árnastofnun, talaði fyrir þeirri hugmynd innan stofnunarinnar að einhverju í líkingu við dönsku vefgáttina sproget.dk yrði komið á laggirnar. Margrét Pálsdóttir málfræðingur átti lénið málið.is og var svo rausnarleg að færa verkefninu það. Skriður komst á málið með atbeina Guðrúnar Nordal forstöðumanns og frá 2014 unnu Ari Páll Kristinsson, Halldóra Jónsdóttir og Steinþór Steingrímsson að frekari undirbúningi með öðrum samstarfsmönnum á stofnuninni, og frá ársbyrjun 2016 ásamt Evu Maríu Jónsdóttur. Fengist hafa styrkir úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur og úr Málræktarsjóði til að standa straum af aðkeyptri vinnu við viðmótshönnun og vefforritun. Var fyrirtækið 1xinternet fengið til að vinna þá vinnu. Tæknileg vinna hjá Árnastofnun var fyrst og fremst í höndum Steinþórs Steingrímssonar ásamt ritstjórum einstakra gagnasafna. Eva María Jónsdóttir vef- og kynningarstjóri og Hjörleifur Jónsson, margmiðlunarhönnuður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, gerðu kynningarmyndband um málið.is sem var frumsýnt þegar forseti Íslands opnaði málið.is á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember.

Beygingarlýsing Íslensks nútímamáls

Beygingarlýsingin er safn beygingardæma sem sýnir einstakrar beygingarmyndir Íslenskra orða.

Stafsetningarorðabókin

2. útgáfa Stafsetningarorðabókarinnar. Ritreglur, endurskoðaðar 2016, eru tengdar flettum orðabókarinnar og sýndar með leitarniðurstöðum. Verkið er í vinnslu.

Íslensk nútímamálsorðabók

Ný íslensk orðabók með um 50 þúsund flettum.

Íslenskt orðanet

Íslenskt orðanet sýnir merkingartengsl íslenskra orða og orðasambanda. Það sameinar hlutverk samheita- og hugtakaorðabók og kemur að hagrýsum notum við ritun og textagerð.

Málfarsbankinn

Safn stuttra greina um málfarsleg atriði og svör við algengum spurningum um málfar.

Íðorðabankinn

Orðabanki með skýringum og íslenskum þýðingum á hugtökum á meira en 60 sérsviðum. Unnið af sérfræðingum á viðkomandi sviðum.

Íslensk orðsifjabók

Í Íslenskrí orðsifjabók eftir Ágeir Blöndal Magnússon má finna skýringar um myndun og uppruna íslenskra orða.



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, opnaði vefgáttina málið.is formlega 16. nóvember 2016.



Hátíðardagskrá í tilefni dags íslenskrar tungu fór fram í Björtuloftum í Hörpu.

Þetta er málið.is:

- Frá 16. nóvember 2016 til loka apríl 2017 hafa 35 þúsund notendur heimsótt vefinn.
- Flestir notendur eru á aldrinum 25–34 ára.
- Algengasta leitarorðið er *hestur*. Næstalgengast er *leyti*.
- Að jafnaði koma um 600 notendur inn á vefinn á dag og leita um 2500 sinnum.
- Um 70% notenda sitja fyrir framan tölvuskjá. Um 18% nota farsíma en 12% spjaldtölvu.
- Konur eru í nokkrum meirihluta notenda. Af hverjum fimm sem heimsækja vefgáttina eru þrjár konur og tveir karlar.



Hjörleifur Jónsson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands vann kynningarmyndband í samstarfi við starfsfólk og vini stofnunarinnar. Einn af þeim sem tóku þátt í þeirri vinnu var Roberto L. Pagani doktorsnemi.



Abdelmalek Bouzari vísindasagnfræðingur frá Alsír flytur fyrirlestur sinn í Viðeyjarstofu.

HEIMUR Í BROTUM – ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Í VIÐEY

*Viðtal við Svanhildi Óskarsdóttur,
einn skipuleggjenda ráðstefnunnar.*

Síðla í októbermánuði 2016 var haldin ráðstefna í Viðey en hana sóttu á sjötta tug fræðimanna og nemenda í miðaldafræðum. Svanhildur Óskarsdóttir, stofustjóri handritasviðs, var ein af þeim sem skipulögðu ráðstefnuna í samstarfi við Háskóla Íslands og öndvegissetrið Centre for Medieval Literature í Óðinsvéum og York. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Heimur í brotum“ og Svanhildur greinir hér frá ástæðunni:

„Þessi ráðstefna hverfðist um eitt handrit, GKS 1812 4to, sem samanstendur af að minnsta kosti þremur misgömlum pörtum eða brotum. Mikið af efninu, sem safnað var á þessa bók, snýst svo um heimsfræði og tímatal. Þarna er frásögn af sköpun heimsins en einnig athyglisvert heimskort; þekking á gangi himintunglanna var grundvöllur tímatalins og í handritinu er bæði uppdráttur, sem sýnir gang himintunglanna, og svokölluð Stjörnu-Odda tala sem ber vott um sjálfstæðar athuganir á sólargangi hérlendis. Í handritinu má því segja að verið sé að reyna að ná utan um heiminn og því fannst okkur þessi yfirskrift við hæfi.“

Hvaðan komu þeir sem héldu fyrirlestra og hvernig komust þeir í kynni við handritið sem var í brennidepli?

„Einn hvatamaður ráðstefnunnar var Englendingurinn Christian Etheridge sem stundar doktorsnám við háskólann í Óðinsvéum og rannsakar þar hvernig vísindaleg þekking fornaldar birtist í norrænum alfræðihandritum, meðal annars í GKS 1812 4to. Þar starfar einnig nýdoktorinn Dale Kedwards sem skrifaði doktorsritgerð um heimskort í íslenskum miðalda-

handritum og hafði því einnig haft nán kynni af GKS 1812 4to. Hér heima stóðum við Guðrún Nordal og Gunnar Harðarson að undirbúningi. Við vildum tefla saman annars vegar fólki sem hafði beinlínis fengist við að rannsaka þetta tiltekna handrit og efni þess, en hins vegar fræðimönnum sem rannsaka sambærilegt efni í erlendum handritum og heimildum. Þess vegna voru þarna meðal annars flutt erindi um kortagerð á miðöldum og um persneska stærðfræðinginn Muhammad ibn Musa al-Khwarizmi. Fyrirlesarar komu frá Danmörku, Noregi, Englandi og Alsír, auk Íslands, og erindin spönnuðu allt frá útgáfusögu handritsins yfir í latinuglósur og minnistækni þeim tengda.“

Hvers erum við visari um alfræðiefni á Íslandi á miðöldum eftir ráðstefnuna?

„Ég held að við skiljum fyrst og fremst betur hvernig þetta handrit og það margvíslega efni, sem í því er, getur birt okkur viðleitni Íslendinga á miðöldum til þess að safna þekkingu, flokka hana og miðla henni. Þessi þekking er bæði sprottin af sjálfstæðum athugunum sem gerðar eru hérlendis og af innfluttum lærdómi sem þýddur er úr latínu og jafnvel staðfærður eða aðlagður á annan hátt. Margt af efninu á sér hliðstæðu, bæði í öðrum íslenskum handritum og í erlendum bókum en það er gaman að velja því fyrir sér hvers vegna einmitt þetta tiltekna efni er – á löngum tíma – sett saman í bók og hvernig hún nýttist þeim sem hana áttu eða höfðu milli handa. Við því fást kannski aldrei tæmandi svör en ráðstefnan sýndi að það er gagnlegt að skoða handritið í viðuhæfni með hjálp sérfræðinga af ólíkum sviðum. Við vonumst til að koma erindunum út á bók svo að fleiri en þeir sem komust til að hlusta í Viðey geti notið góðs af.“

OPNUN ÍSLENSKS ORÐANETS

Viðtal við Jón Hilmar Jónsson, höfund Íslensks orðanets.

Húsfyllir var í Hannesarholti þann 6. október 2016 þegar höfundur Orðanetsins og Bjarki Karlsson, forritari og íslenskufraeðingur, gáfu viðstöddum innsýn í þennan þarfa þjón þeirra sem vinna með texta. Jón Hilmar segir að verkið hafi verið lengi í vinnslu:

„Þegar Orðanetið var opnað síðasta haust var um áratugur liðinn frá því að verkið hófst, en hugmyndin tók að leita á mig þegar ég var að ljúka við *Stóru orðabókina um íslenska málnotkun*. Þá fór maður að velta fyrir sér hvort hægt væri að ganga lengra í greiningu á orðaforðanum. Hvatinn var m.a. sá að stafræn birting var komin til sögunnar og ekki þurfti lengur að gæta þess að halda orðabókartextanum í skefjum. Í stafrænni orðabók er efnisskipanin einfaldari og notandinn getur t.d. gengið rակleitt að orðasamböndum í stað þess að þurfa að leita þeirra undir stökum orðum. Í Orðanetinu eru merkingarbær orðasambönd felld inn í sjálfan flettlustann og fá þar með sömu stöðu og stök orð.“

Hefur stafræn orðabók ótvíræða kosti fram yfir prentaða orðabók í þinum huga, sem hefur reyntslu og samanburð?

„Svarið er já, sérstaklega þegar mikið efni er undir og notandinn á að geta skoðað það frá ólíkum hliðum. Orðanetið er byggt upp með þetta í huga. Aðalviðfangsefnið er merkingargreining og merkingarflokkun orða og orðasambanda. Einstök orð og sambönd opna notendum leið inn í orðaforða viðkomandi hugtaks en um leið má sjá hvað notkun orðsins (eða orðasambandsins) leiðir í ljós gagnvart þeim orðum sem það er skyldast. Þar með verður til eins konar útvíkkuð samheitalýsing með virkum tengingum á milli skyldra orða og orðasambanda sem breytist og skýrist í takt við greiningu efnisins. Lýsingin er þannig síkvik og einfalt að bæta við og lagfæra. Áhersla á samhengi og tilbrigði kemur líka fram í flettlustanum þegar leitað er, t.d. í fyrirferðarmiklum sögnum þar sem margs konar sagnasambönd koma saman og varpa m.a. ljósi á setningargerð sagnarinnar. Við allt þetta hefur stafræn birting augljósa yfirburði.“



Jón Hilmar Jónsson, höfundur Íslensks orðanets, og Bjarki Karlsson, samverkamaður hans.

Hefurðu fengið einhver viðbrögð frá notendum?

„Viðbrögðin hafa verið góð en það er erfitt að gera sér grein fyrir hvert svona efni ratar. Ég get nefnt að ég varð strax var við að Orðanetið náði til ritlistarnema við Háskóla Íslands og ég vona að það eigi erindi við rithöfunda og þýðendur og aðra þá sem setja saman ritaðan texta. En það á líka að vera eins konar gluggi inn í íslenskan orðaforða og samhengi hans sem málnotendum í námi, leik og starfi finnst vonandi áhugavert að lita inn um.“

En er einhverra nýjunga að vænta í tengslum við Íslenskt orðanet?

„Við Bjarki fengum nú í vor [2017] styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til að þróa greiningartæki við textagerð sem greinir orðasambönd í texta og bregður upp valkostum í orðalagi. Notendur eiga svo á einfaldan hátt að geta breytt orðalagi ef þeim sýnist tiltekinn valkostur eiga betur við. Þarna verður byggt á gögnum úr Orðanetinu og frekari efnisöflun, sérstaklega úr tímarit.is sem reyndar hefur verið aðalstofninn í efniviði Orðanetsins. Með þessu getur Orðanetið stutt textagerð á mun virkari hátt en áður. Það byggist svo auðvitað á því hvernig tekst að halda því við, halda greiningunni áfram og þetta netið.“

Við gerð myndefnis lögðu margir starfsmenn og hollvinir stofnunarinnar hönd á plóg og er þeim hér með þakkað mikilvægt framlag. Þau **Ásgrímur Angantýsson, Guðni Kolbeinsson, Kristín Ólafsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir, Snæbjörn Ragnarsson, Teresa Dröfn Njarðvík, Vera Illugadóttir og Þórarinn Eldjárn** aðstoðuðu við að útskýra fyrir almenningi þá möguleika sem búa í Íslensku orðaneti. Það gerðu þau með því að kynna sér Orðanetið og koma fram í stuttum myndböndum sem fyrirtækið Skot framleiddi til birtingar á vefsíðunni orðanet.arnastofnun.is.

GAGNASÖFN

Handrit

Í handritasafn stofnunarinnar bættist eitt nýtt handrit á árinu, brot úr Njáluhandriti frá 19. öld sem Willard Larsson í Seattle færði stofnuninni að gjöf fyrir milligöngu Gísla Sigurðssonar (sjá bls. 30 í viðburðadagatali).

Ljósmyndum af handritum stofnunarinnar er jafnt og þétt bætt á vefinn handrit.is. Meðal handrita sem bættust við árið 2016 er Skálholtsbók eldri, íburðarmikið lögbókarhandrit frá 14. öld. Á árinu hóf stofnunin einnig samstarf við Konungsbókhöðu í Stokkhólmi um miðlun á ljósmyndum og upplýsingum um íslensk handrit í því safni. Elinrós Þorkelsdóttir íslenskunemi var fengin til verksins og skráði hún fjögur handrit sem nú má skoða á handritavefnum. Þar á meðal er Íslenska hómilíubókin.

Þórunn Sigurðardóttir tók við umsjón handritaskráningar stofnunarinnar á handrit.is haustið 2016. Unnið var áfram að undirbúningi skráningar á fornbréfasafni sem varðveitt er á stofnuninni og nokkur bréf skráð í gagnagrunninn. Einnig voru eldri skráningarfærslur auknar, endurbættar og lagfærðar.

Forvörður stofnunarinnar, Signe Hjerrild Smedemark, vann áfram að öskjun handrita og forvörslu pappirshandrita. Öll skinnbrot Þjóðminjasafns sem eru í vörslu stofnunarinnar eru nú komin í viðeigandi öskjur. Þá er gamalt band handrita, sem bundin hafa verið í forvörsluband, einnig komið í öskjur. Keypt voru mælitæki svo að betur væri hægt að fylgjast með loftgæðum í handritageymslunni. Einnig voru settar upp skordýragildrur og eitrad fyrir silfurskottum sem reglulega gera vart við sig í kjallara Árnagarðs.

Mál og orðaforði

Söfn Orðabókar Háskólans

Stofnunin varðveitir seðlasöfn Orðabókar Háskólans með heimildum um íslenskan orðaforða. Ritmálssafnið er stærst þeirra með um 2,5 milljónir notkunardæma um nálægt 700 þúsund orð. Dæmunum var safnað úr íslenskum ritum frá tímabilinu 1540 til síðari hluta 20. aldar. Verulegur hluti efniviðarins er til í stafrænu formi og það efni er öllum aðgengilegt til leitar á vefsíðu stofnunarinnar (sjá <http://www.arnastofnun.is/page/ritmalssafn>) þótt nú takmarkist leitinn við einstök uppfléttrið. Gagnagrunnurinn með rafrænu gögnunum er orðinn gamall og þarfnast endurnýjunar, bæði til að tryggja varðveislu gagnanna og til að greiða fyrir frekari þróun safnsins. Einnig er orðið brýnt að smíða nýtt vefviðmót

fyrir safnið svo að hægt verði að veita betri aðgang að því og gefa kost á fjölbreytilegri leit í gögnunum.

Önnur söfn eru svonefnt Talmálssafn með umsögnum heimildarmanna um orð og orðanotkun í mæltu máli og ýmis smærri sérsöfn sem mörg hver eiga rætur í gömlum orðabókum eða orðabókarhandritum.

Íslenskt textasafn

Íslenskt textasafn geymir texta frá ýmsum tímum en einkum frá síðustu áratugum. Safnið hefur stækkað talsvert á undanförunum árum og í því eru nú alls um 93 milljónir lesmálsorða. Umsjónarmaður textasafnsins er Þórdís Úlfarsdóttir.

Mörkuð íslensk málheild

Mörkuð íslensk málheild (MÍM) hefur að geyma um 25 milljónir orða úr fjölbreyttum textum þar sem orðin eru greind málfræðilega og hverjum texta fylgja bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Málheildin er ætluð fyrir málrannsóknir og til notkunar í máltækniverkefnum. Málheildin er aðgengileg til leitar á vef stofnunarinnar (<http://mim.arnastofnun.is>) og einnig má sækja texta hennar í sérstöku xml-sniði af vefsetrinu <http://malfong.is>. Á málheildarsíðunni má einnig leita í textum *Íslenskrar orðtíðibókar* og safni texta úr fornritum.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er gagnasafn um beygingarmyndir íslenskra orða sem upprunalega var unnið til máltæknigreiningar á íslenskum textum. Í safninu eru nú u.þ.b. 280 þúsund beygingardæmi, u.þ.b. 5,8 milljónir beygingarmynda. Jafnframt eru beygingardæmin birt á vefsíðunni bin.arnastofnun.is. Heimsóknir á síðuna á árinu 2016 voru 713.989 og flettingar 1.442.061. Yfir 80% heimsókna voru innanlands en frá útlöndum voru heimsóknir flestar frá Þýskalandi (3,5%), Bandaríkjunum (2,4%) og Svíþjóð (1,6%). Ritstjóri og umsjónarmaður BÍN er Kristín Bjarnadóttir.

Íðorð

Ágústa Þorbergsdóttir er ritstjóri Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um 50 orðasöfn eru í birtingarhluta hans. Unnið var að endurbótum og viðbótum við ýmis íðorðasöfn, t.a.m. Orðasafn í tómsundafræðum,



Orðasafn í menntunarfræðum, Orðasafn í hannyrðum (prjón), Íðorðasafn lækna, Plöntuheiti, Orðasafn um byggingarlist, Orðasafn um myndlist og Orðasafn um steypu (hluti af Orðasafni í byggingarverkfræði).

Málfarsbankinn

Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson. Í Málfarsbankanum er hægt að slá inn leitarorð sem lúta að málnotkun og finna úrlausnir sem teknar hafa verið saman. Alls er þar að finna um 8.000 flettugreinar (málfarsábendingar og úrlausnir).

Stafsetningarorðabókin

Rafræn gerð *Stafsetningarorðabókarinnar* (1. útgáfu) er í opnum og ókeypis aðgangi á snara.is. Jóhannes B. Sigtryggsson er ritstjóri 2. útgáfu sem kom út á árinu á málið.is. Helstu nýjungar eru millivísanir og vísanir í nýjar ritreglur Íslenskrar málnefndar. Auk þess hefur verið bætt við nýjum orðum, m.a. fjölmörgum tungumálaheitum, sem Ari Páll Kristinsson tók saman, og ríkjaheiti hafa verið endurskoðuð til samræmis við nýjan ríkjaheitalista (2015).

Íðorðabankinn, Málfarsbankinn og Stafsetningarorðabókin eru meðal gagna sem leita má í á vefgáttinni málið.is sem var opnuð 16. nóvember 2016.

Örnefni í Sarpi

Nafnfræðisvið Árnastofnunar er aðili að gagnasafninu Sarpi (www.sarpur.is) sem er í sameign nokkurra safna á Íslandi, þar á meðal Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafns Reykjavíkur, ýmissa minja- og byggðasafna víðs vegar um landið, listasafna o.fl. Hluti af örnefnaskrá Árnastofnunar er þegar kominn í gagnagrunninn og hægt að leita þar að örnefnum og öðru tengdu efni. Takmarkið er að allar örnefnaskrár verði aðgengilegar þar innan fárra ára. Nú þegar er meginhluti örnefnaskráa aðgengilegur á rafrænu formi sem pdf-skjöl.

Þjóðfræði

Eins og undanfarin ár söfnuðu nemendur Gísla Sigurðssonar í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða við þjóðfræðadeild HÍ efni sem þeir lögðu inn í þjóðfræðasafnið ásamt uppskriftum, og Kristín Einarsdóttir afhenti einnig viðtöl nemenda sinna úr námskeiðinu Hátíðir, leikir og skemmtanir, bæði frá 2014 og 2016.

Rósa Þorsteinsdóttir hélt áfram að hljóðrita ævintýri og sögur Ásu Ketilsdóttur og hitti hana einu sinni á árinu. Þá vann Guðrún Ágústsdóttir sem sjálfboðaliði fyrir safnið og tók viðtöl við margt fróðleiksfólk sem ábendingar höfðu borist um.

Nokkrir afhentu hljóðrit á ýmsu formi. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur og Kjartan Ólafsson, fv. ritstjóri, afhentu segulbandsspólur með upptökum á rímnakveðskap og fleiru, Ása Ketilsdóttir afhenti snældur sem hafa að geyma upptökur Álfs bróður hennar á þulum og vísunum Jóhönnu Björnsdóttur, móður þeirra. Gunnar Óli Dagmararson afhenti viðtöl á stafrænu formi sem hann tók vegna BA-verkefnis síns í þjóðfræði.

Gagnabanka á alþjóðasviði

Alþjóðasvið annast gagnabanka um erlenda háskóla þar sem íslenska er kennd, bæði forn málið og nútímamál. Upplýsingar um 76 háskóla, sem kenna forníslensku, og 48 skóla, sem kenna nútímalslensku, eru aðgengilegar í gagnabankanum sem er vistaður á heimasíðu stofnunarinnar. Kristín Una Friðjónsdóttir sá um að uppfæra upplýsingarnar á árinu. Slóðin er: http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_íslenska_erlendis

Á alþjóðasviði er einnig haldið utan um gagnabanka um fræðimenn í íslenskum fræðum. Í gagnabankann eru skráðir um sjö hundruð fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Kristín Una Friðjónsdóttir sá um að uppfæra upplýsingarnar. Slóðin er: <http://www.arnastofnun.is/page/fracdimannaskra>.



Guðrún Nordal, Snæfríð Þorsteins og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.



Frá útgáfuteiti ritsins *Konan kemur við sögu*.

RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFA

Rannsóknarbókasafn

Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar um áramót var 45.309 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Keypt voru 248 eintök bóka og 77 bækur bærust að gjöf frá vinum og velunnurum eða í ritaskiptum. Auk þess kaupir safnið fjölda íslenskra og erlendra tímarita á fræðasviði sínu. Stofnunin á aðild að Landskerfi bókasafna og Landsaðgangi að rafrænum áskriftum – hvar.is. Öll rit safnsins eru skráð í Gegni.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, þeirra Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin, sem eru ómetanlegir og gera stofnuninni kleift að kaupa flestallar fræðibækur sem skipta máli fyrir rannsóknir á fræðasviðum stofnunarinnar.

Ávallt er mikil eftirspurn eftir vinnuáðstöðu á lessölum stofnunarinnar, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum, nýdöktorum og doktorsnemum. Um 60 manns nýttu sér aðstöðuna og bókasafnið í Árnagarði og á Laugavegi 13 um lengri eða skemmri tíma en pláss er fyrir u.þ.b. 35 gesti í einu á báðum stöðum ef þröngt er setið.

Útgáfur á árinu

Konan kemur við sögu




Í nóvember kom út greinasafn í ritstjórn Svanhildar Mariu Gunnarsdóttur og Þórðar Inga Guðjónssonar, í samvinnu við Evu Mariu Jónsdóttur.

Í bókinni *Konan kemur við sögu* eru birtir 52 fróðlegir og alþýðlegir pistlar sem allir fjalla á einn eða annan hátt um konur og kvenmenningu í aldanna rás. Í pistlunum má til að mynda lesa um kvæða- og sagnakonur, skáldkonur og konur í bókmenntum og þjóðlífi fyrr og síðar, örnefni, nýyrði, tökuorð, iðorð, kenningar í skáldskap, orðabókagerð og handrit í eigu kvenna eða handrit skrifuð af konum – og er þá ekki allt upp talið.

Höfundarnir eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auk gestafræðimanna og góðvina stofnunarinnar. Með pistlaröðinni vildi Árnastofnun leggja sitt af mörkum í tilefni aldarafmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi árið 2015. Fjöldi mynda prýðir bókina en nokkrar þeirra hafa ekki áður birst á prenti svo að vitað sé. Hönnuður bókarinnar er Snæfríð Þorsteins.

Orðasafn í líffærafræði

Í september kom út *Orðasafn í líffærafræði. II. Líffæri mannsins. Enska – íslenska – latína*. Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 4. Ritstj. Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhann Heiðar Jóhannsson og Hannes Petersen. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Útgáfur ársins 2016.

Tímarit

Gripla

Tímaritið Gripla 27 kom út á árinu í ritstjórn Emily Lethbridge og Úlfars Bragasonar. Í heftinu er að finna sjö fræðigreinar auk annars efnis. Shaun F.D. Hughes fjallar um handritið Icel. 32, sem varðveitt er í bókasafni Harvardháskóla í Bandaríkjunum og hefur að geyma fornaldarsögur með hendi Halldórs Jakobssonar (d. 1810) og formála Halldórs fyrir sögunum þar sem hann reynir að flokka þær eftir sannleiksgildi þeirra. Emily Lethbridge skrifar um viðtökur Íslendingasagna eins og þær má greina í ólíkum handritum frá mismunandi tímum og stöðum í greininni „The Icelandic Sagas and Saga Landscapes“. Elisabeth I. Ward greinir Þórðar sögu hreðu sem héraðssögu. Gunnar Harðarson fjallar um tengsl handritsins Hauksbókar frá 14. öld við alfræðirit á miðöldum. Guðbjörg Kristjánsdóttir kannar lýsingar í íslenskum handritum á 15. öld og hverjir höfundar þeirra voru. Astrid Marner gerir grein fyrir latínupredikun um heilagan Þorlák, sem er í íslensku handriti frá 14. öld og varðveitt í Uppsölum, og gefur predikunina út með enskri þýðingu. Loks er birt útgáfa sem Stephen Pelle hefur gert á þremur áður óútgefnum hómilíum sem varðveittar eru í AM 624 4to frá því um 1500. Annað efni er grein eftir Beeke Stegmann, Gottskálk Jensson, Natasha Fazlic og Alex Speed Kjeldsen um brot úr norskum skjölum frá því snemma á 13. öld, sem fundust í Árnasafni í Kaupmannahöfn 2015 í gömlu bandi á lagahandritinu AM 22 4to, og ræða sem Carol J. Clover, prófessor emeritus við Kaliforníuháskólann í Berkeley, flutti þegar hún var gerð heiðursdoktor við Háskóla Íslands 2. október 2015.

Orð og tunga

Tímaritið *Orð og tunga* 18 kom út 17. mars í ritstjórn Ara Páls Kristinssonar. Í heftinu eru átta greinar auk ritdóms. Þorsteinn G. Indriðason segir frá rannsóknum sínum á

seinni liðum íslenskra orða, einkum bundnum liðum á borð við *-beri*, *-gresi* og *-rækni*, Margrét Jónsdóttir rekur beygingarsögu sagnarinnar *kviða*, Guðrún Þórhallsdóttir fjallar um orðasambandið *að óseku*, Matteo Tarsi fjallar um elstu kristilegu tökuorðin í íslensku, Robert Nedoma skrifar um uppruna orðsins *öræfi*, Marie Novotná greinir frá rannsóknum sínum á því hvernig farið er með íslensk sérnöfn í tékkneskum þýðingum íslenskra nútímabókmennta og Ingibjörg Elsa Björnsdóttir fjallar um vélþýðingar. Áttundu greinina í heftinu á Jóhannes B. Sigtryggsson, um strik af ýmsum stærðum og gerðum í íslensku ritmáli. Grein Jóhannesar er í sérstökum þætti aftast í tímaritinu sem nefnist Málfrægnir og er ætlaður stuttum óritrýndum greinum um hagnýtta íslenska málfræði. Þátturinn er nýbreytni og hóf göngu sína í þessum árgangi. Loks er í heftinu ritdómur Svavars Sigmundssonar um hið mikla rit Jóns G. Friðjónssonar (2014), *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir*.

Tímaritið er á hinum endurskoðaða lista ERIH-PLUS um fræðitímarit. Kallað var eftir greinum í 19. hefti (2017) og í árslok var úrvinnsla innsendra handrita komin vel á veg. Lögð voru drög að því að allir árgangar *Orðs og tungu*, frá 1988 til nýjstu árganganna, færu inn á tímarit.is. Því verki lýkur 2017.

Rannsóknarverkefni

Konungsbók Snorra-Eddu

Konungsbók Snorra-Eddu (GKS 2367 4to) er eitt elsta handrit Snorra-Eddu og það sem venjulega er lagt til grundvallar við útgáfur verksins. Rannsóknasjóður Rannís veitti þriggja ára styrk til rannsókna á handritinu á árinu 2016 og felur verkefnið í sér þrjú markmið. Í fyrsta lagi að gefa út nýja rafræna útgáfu af handritinu með þeim aðferðum sem nú þykja bestar. Í öðru lagi að rannsaka rithátt og stafsetningu handritins í því augnamiði að varpa ljósi á forrit þess. Þannig verður til aukin þekking á handritahefð Snorra-Eddu og tengdra verka. Í þriðja



lagi eru handrit, sem runnin eru frá Konungsbók, könnuð og gildi þeirra ákvarðað í þeim tilfellum þar sem texti hefur glatast úr GKS 2367 4to. Haukur Þorgeirsson stýrir verkefninu en meðal starfsmanna þess eru Michael MacPherson, Alec Shaw og Þórdís Edda Jóhannesdóttir.

Hið glataða Njáluhandrit Gullskinna

Markmið verkefnisins, sem hófst árið 2015, er að rannsaka varðveislusögu Njáluhandrita á síðari öldum. Það nýtur styrks frá Rannsóknasjóði Rannís og er unnið í samvinnu við Háskólann í Leeds. Tveir meginþættir verkefnisins eru að búa til ættartré Gullskinnuhandritanna og að greina notkun nokkurra orðhluta- og setningafræðilegra breytna hjá ólíkum skrifurum. Á árinu var lögð áhersla á að byggja upp textasafnið og þróa tölvustuddar aðferðir til að bæta við nefnimynd og marka textana. Markmiðið með þeirri vinnu er að búa til málheild sem gæti verið til gagns fyrir stóran hóp notenda. Niðurstöður voru kynntar á ráðstefnum í Ósló, Reykjavík og Vilnius. Verkefnisstjóri er Ludger Zeevaert en aðrir þátttakendur eru Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Alaric Hall.

*Variance in the *Gullskinna-branch of Njáls saga*

Susanne M. Arthur hlaut styrk úr Nýdoktorsjóði Háskóla Íslands til þriggja ára til að rannsaka breytileika í vísu- og kaflaskiptingu Njáluhandrita. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á handrit sem komin eru af hinu týnda handriti Gullskinnu. Susanne hefur rannsóknaraðstöðu á stofnuninni og vinnur í nánú samstarfi við þá fræðimenn sem standa að verkefninu *Hið glataða Njáluhandrit Gullskinna*.

Wikisaga, lýsandi heimildaskrá Egils sögu og Njáls sögu

Vefurinn wikisaga.hi.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar og Háskóla Íslands. Hann geymir texta Egils sögu og Njáls sögu ásamt lýsandi heimildaskrá yfir fræðiskrif sem fjalla um söguna. Þar er hverju riti eða ritgerð um söguna lýst með útdrætti um efni hennar, bæði á íslensku og ensku. Vefnum er ætlað að greiða bæði Íslendingum og fólki hvar sem er í heiminum leið að þeim fjölbreyttu skrifum og túlkunum sem sögurnar hafa getið af sér. Ritstjórar eru Jón Karl Helgason, prófessor við HÍ, og Svanhildur Óskarsdóttir. Verkefnið naut styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna á árinu. Unnu að því þeir nemendur við Háskóla Íslands, Andri M. Kristjánsson, Barbora Davidkova og Ermenegilda Müller, og höfðu aðstöðu á stofnuninni. Þau juku heimildaskrá Njáls sögu verulega, samræmdu efnistöð í útdráttum og lagfærðu viðmót vefsins.

Skáldskaparmálið í sögum um Ísland

Rannsóknarverkefnið hlaut þriggja ára styrk úr Rannsóknarsjóði Rannís á árinu 2016. Verkefnið snýst um að greina kveðskap sem er að finna í íslenskum miðaldasögum um Ísland. Beitt verður aðferðum rafrænna hugvísinda. Verkefnið byggist á því viðamikla rafræna gagnasafni („big data“) sem hefur orðið til í alþjóðlega útgáfuverkefninu Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages (the Skaldic Project – <http://abdn.ac.uk/skaldic>), og á þeirri nákvæmu greiningu á myndmáli, tungumáli og bragfræði sem þar liggur til grundvallar og gerir nýjar og róttækar rannsóknarspurningar mögulegar. Rannsóknarverkefnið snýr að gagnagreiningu, en einnig að rannsókn á myndmáli, tungumáli og bragfræði á kveðskap í þeim sögum sem skrifaðar voru um íslenska viðburði og væntanlega fyrir íslenska áheyrendur sérstaklega,

*Hluti þeirra sem unnu að verkefninu
Wikisögu á árinu.*

en hið einstaka gagnasafn býður einnig upp á samanburð við kveðskap frá 9.–11. öld í öðrum sögum sem skrifaðar voru á Íslandi og í Noregi. Rannsóknarverkefnið er það fyrsta í sinni röð sem nýtir sér þennan gagnagrunn til að skoða málfraeðileg einkenni, bragfræði og myndmál. Verkefnisstjóri er Guðrún Nordal, en samverkamenn eru Tarrin Wills (Kaupmannahafnarháskóla), Klaus Johan Myrvoll (Óslóarháskóla), Soffía Guðný Guðmundsdóttir (Árnastofnun) og Ármann Jakobsson (Háskóla Íslands).

Sturlunga saga

Guðrún Ása Grímsdóttir vinnur að útgáfu á Sturlunga sögu. Á árinu var haldið áfram að ganga frá textanum, lesa yfir megin-texta og lesbrigði, setja kaflatölur með mið af efnisskiptingu í handritum, skýra visur, semja skýringagreinar, taka saman heimildaskrá, lesa greinar og rit til efnisöflunar í formála sem liggur nú fyrir í drögum. Þá var ákveðið að birta í útgáfunni textabrot úr Guðmundar sögum eftir Reykjarfjarðarbók og tvo texta Guðmundar sögu dýra og Svinfellinga sögu; eftir þessu var unnið. Óskum stjórnar Hins íslenska fornritafélags var fylgt og uppskrifaðir textar Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar og Árons sögu, textarnir lesnir saman við forrit, skýringar samdar, visur skýrðar o.s.frv. Þessar sögur munu fylgja Sturlungu í viðauka.

Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages

Guðrún Nordal er einn ritstjóra heildarútgáfu dróttkvæða, en út eru komin þrjú bindi (1., 2. og 7. bindi) og önnur fimm langt komin auk skráa. Aðrir í ritstjórn eru Margaret Clunies Ross, Kari Ellen Gade, Edith Marold, Diana Whaley og Tarrin Wills. Aðstoðarmaður Guðrúnar er Soffía Guðný Guðmundsdóttir sem vinnur auk þess í verkefninu *Skáldskaparmálið í sögum um Ísland*. Á árinu var haldinn árlegur ritstjórnarfundur í Sandefjord í Noregi. Heimasiða verkefnisins: <http://abdn.ac.uk/skaldic>.

Retracing the Reformation: The dissemination of the Bible in Medieval Scandinavian Culture

Verkefnið er samnorrænt rannsóknarverkefni sem styrkt er af NOS-HS til fjögurra ára (2013–2016). Verkefnisstjóri er Karl G. Johansson við Óslóarháskóla en þátttakendur af hálfu Árnastofnunar eru Svanhildur Óskarsdóttir og Helgi K. Grímsson. Meginviðfangsefni þeirra á árinu var rannsókn á íslenskri þýðingu og viðtökum *Jesu Barndoms Bog* sem

prentuð var í Danmörku árið 1508. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Elise Kleivane, Óslóarháskóla. *Jesu Barndoms Bog* er byggð á þýskum heimildum sem runnar eru frá fornum apókrýfum textum um fjölskyldu, fæðingu og uppvöxt Jesúbarnsins. Íslenska þýðingin er varðveitt í a.m.k. þrettán handritum frá 17., 18. og 19. öld og er nú unnið að útgáfu hennar.

Sjálfsmyndir, ímyndir og félagsleg vitund í siðabókmenntum og tækifærístextum árnýaldar

Megínmarkmið verkefnisins, sem unnið er af Þórunni Sigurðardóttur, er að rannsaka siða- og hegðunarreglur og skyldar bókmenntagreinar sem varðveittar eru í íslenskum handritum frá árnýöld og sýna fram á tengsl þessara bókmennta við mótun sjálfsmynda ráðandi stétta og við félagslegt og menningarlegt valdakerfi í landinu. Með þessu er jafnframt komið á framfæri bókmenntum sem hafa litla athygli fengið en eiga þó mikilvægan þátt í mótun hugmynda okkar um kynferði og félagsvitund. Lykilspurningar verkefnisins eru: Í hvers konar umhverfi þróuðust hugmyndir um kynferði og samskipti kynjanna, félagsvitund og menningarleg viðmið? Hvernig birtast þessar hugmyndir í samtímatextum? Á hvaða hátt endurspegla textarnir viðhorf og hugmyndir fólks á árnýöld? Þá er ætlunin að gefa út valda texta, sem ekki hafa áður verið prentaðir en eru mikilvægur hluti af bókmenningu siðari alda, og tengja þá sambærilegum bókmenntum í Norður-Evrópu.

Í fótspor Árna Magnússonar

Verkefnið lýtur stjórn forstöðumanns Árnastofnunar og er styrkt af Háskólasjóði auk Landsbanka Íslands og Eimskipafélags Íslands. Að því koma þeir doktorsnemar við HÍ, Katelin Marit Parsons, Ryan Eric Johnson og Ólafur Arnar Sveinsson en á árinu hafa bæst í rannsóknarhópinn tveir doktorsnemar við Háskólann í Madison-Wisconsin, þau Colin Connors og Lauren Poyer. Ný áhersla í verkefninu á vetrinum 2016–2017 var að taka saman og skrá vísbendingar um íslensk handrit í Vesturheimi úr varðveittum heimildum til þess að leita markvisst að þekktum menningarverðmætum. Árni Magnússon beitti þessari aðferð óspart í eigin leit að skinnhandritum miðaldanna og segja má að aðferðafræði handritasafnarans sé enn í fullu gildi. Sum handritanna virðast glötuð með öllu en oft hefur gengið vonum frammar að rekja slóðir þeirra til nútímans.

Farið var til Þingvallabyggðar og Vatnabyggðar í Saskatchewan í júlí 2016, enda reynist hásumarið besti tíminn til að kanna sérstaklega litlu héraðssöfnin þar um slóðir. Ryan er búsettur í Winnipeg í góðri aðstöðu til að skrá íslenskt efni þar í borginni. Skráði hann m.a. glæsilegt sagnahandrit eftir ungan skrifara í hópi vesturfaranna sem námu fyrst land við Kinmount í Ontariofylki. Ryan fór einnig til Nýja-Íslands til að mynda og skrá gömul handrit á tveimur stöðum, þar af eitt sem hafði bjargast úr ruslinu.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Enn er unnið að fimmta bindinu í heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar. Um útgáfuna sér Margrét Eggertsdóttir.

Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals

Markmið verkefnisins er einkum að skoða samspil málþróunar og málsamfélags og hvernig tilurð opinbers málstaðals mótaðist af innri og ytri aðstæðum, m.a. þeim viðhorfum sem uppi voru í samfélaginu. Áhersla er lögð á að skoða máltilbrigði og dreifingu þeirra með tilliti til málfræðilegra og málfélagslegra þátta og samband málþróunarinnar við vaxandi málstöðlu á tímabilinu. Rannsóknirnar byggjast á tveimur gagnasöfnum, annars vegar einkabréfum og hins vegar blaða- og tímaritartextum frá 19. öld auk annarra heimilda. Verkefnið er samstarfsverkefni málfræðinga við stofnunina, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel og það naut styrks úr Rannsóknasjóði 2012–2014. Á árinu fjallaði rannsóknarhópurinn um einstaka þætti rannsókna og niðurstöður þeirra í fyrirlestur og greinum og tók þátt í ráðstefnum innan lands og utan. Þá vann Kristján Friðbjörn Sigurðsson við verkefnið um nokkurra mánaða skeið við greiningu og úrvinnslu niðurstaðna. Verkefnisstjóri er Ásta Svavarsdóttir og frá stofnuninni eiga auk hennar Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson aðild að verkefninu. (Sjá nánar um verkefnið og afrakstur þess á vefsíðunni www.arnastofnun.is/page/LCLV19.)

Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd

Aðalmarkmið verkefnisins er að rannsaka vesturíslensku og þróun hennar og bera hana saman við þróun íslensku á Íslandi frá 19. öld til dagsins í dag. Í rannsókninni er litið á

vesturíslensku sem upprunamál eða erfðarmál (e. *heritage language*), en sú nafngift hefur verið notuð um tungumál sem eru töluð heima við en eru minnihlutamál í viðkomandi málsamfélagi. Í þessu sambandi er m.a. skoðað hvaða hlutverki tungumálið hefur gegnt í því að þróa og viðhalda menningarlegri sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Á árinu hefur verið unnið að úrvinnslu og kynningu niðurstaðna og greinasafn um verkefnið er í undirbúningi. Að verkefninu stendur hópur fræðimanna við stofnunina, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknarstofnanir. Ásta Svavarsdóttir og Úlfar Bragason sitja í stýrihópi verkefnisins og auk þeirra hafa Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir og Haraldur Bernharðsson átt aðild að því fyrir hönd stofnunarinnar. Verkefnið naut styrks úr Rannsóknasjóði (RANNÍS) 2013–2015.

Málheild úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar

Á undanförunum árum hefur verið unnið við texta úr tímaritum og blöðum frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar sem höfðu verið skannaðir og ljóslesnir fyrir vefinn Tímarit.is á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á orðfræðisviði hefur úrval ljóslesnu textanna verið leiðrétt handvirkt með forritinu Skramba, stafsetningarleiðréttingarforriti sem Jón Friðrik Daðason smíðaði og sem ræður bæði við nútímamálstexta og eldri texta. Stærra textasafn var síðan leiðrétt sjálfvirkt með stuðningi forrísins. Samtals eru textarnir um 5 milljónir lesmálsorða. Skrambi er líka notaður til þess að varpa textunum yfir í nútímastafsetningu. Það hefur tvíþættan tilgang: að hægt sé nota máltæknitól sem þróuð hafa verið fyrir nútímamál til þess að marka textana málfræðilega með vélrænum aðferðum og að mögulegt sé að leita í þeim með stöðluðum nútímamálsmyndum. Stefnt er að því að smíða jafnhliða málheild (e. *parallel corpus*) þar sem stafrétt útgáfa upprunalegu textanna verður tengd við staðlaða nútímamálsútgáfu þeirra og að setja upp öflugt leitarkerfi fyrir hana, sambærilegt við leitarkerfi Markaðrar íslenskrar málheildar.

Íslenskt orðanet

Á árinu fór fram viðtæk endurmótun og uppfærsla á Íslensku orðaneti og var ný vefsíða tekin í notkun með sérstakri kynningu í október. Á nýrri vefsíðu eru margs konar endurbætur og nýmæli. Þar má m.a. nefna greiðari notendaaðgang og betri yfirsýn um flettlustann, viðtækari

hugtakaflokkun og virkari greiningu parasambanda sem dregur fram merkingarlega skylt orðafar. Með greiningu orðasambanda með einstökum flettum eru skyldustu orð flokkuð saman og veitt yfirsýn um nátengdar flettur út frá vitnisburði orðanotkunar í textasamhengi. Fleiryrtar flettur (merkingarbær orðasambönd) eru fyrirferðarmiklar og eru auk merkingargreiningar flokkaðar eftir setningargerð. Þá hefur ný vefsíða að geyma ýtarlegar upplýsingar um efni og einkenni orðanetsins og notkunarleiddæiningar í texta, tali og myndum.

Í Íslensku orðaneti eru innbyrðis vensl orða og orðasambanda í brennidepli og öll greining og flokkun er að miklu leyti háð fjölbreyttum og aðgengilegum textagögnum. Eðli málsins samkvæmt má víða skerpa lýsingu einstakra flettna með frekari greiningu og ná fram enn heildstæðari mynd af gerð og samhengi íslensks orðaforða. Í árslok voru flettur í orðanetinu alls röklega 200 þúsund, þar af tæpur helmingur fleiryrtar.

Bjarki Karlsson var í ársbyrjun ráðinn til að annast forritun og tæknivinnu við verkefnið og vann náði með umsjónarmanni orðanetsins, Jóni Hilmarí Jónssyni.

Gullstaðall – staðalmálheild fyrir þjálfun markara

Unnið hefur verið að gerð nýrrar staðalmálheildar fyrir íslensku. Hún er byggð á úrtaki úr Markaðri íslenskri málheild með um einni milljón orða sem hafa verið málfræðilega mörkuð á vélrænan hátt. Mörkin eru leiðrétt handvirkt og með hálfsjálfvirkum aðferðum fyrir staðalmálheildina. Markmiðið er að búa til hæfilegt safn texta sem eru rétt markaðir og nota má til þess að þróa markara fyrir íslensku, þ.e. máltæknitól til vélrænnar mörkunar. Á árinu var unnið við villuleit og leiðréttingar og stefnt er að því að verkinu ljúki á árinu 2017. Steinunn Valbjörnsdóttir og Jón Friðrik Daðason hafa unnið að verkefninu og Sigrún Helgadóttir hefur haft umsjón með því ásamt Eiríki Rögnvaldssyni frá Háskóla Íslands.

ISLEX-venslamálfræði

Venslamálfræðin er lýsing á rökliðum sagna og setningarvenslum í föstum orðasamböndum í ISLEX. Gögnin munu nýtast í leitarvélar, í málgreiningu og í samþættingu máltæknitóla. Verkið er liður í því að tengja saman rafræna orðabók og tölvutækan texta fyrir notendur þannig að þeir rati á réttan stað í orðabókinni, t.d. í viðamiklum orðabókargreinum. Verkefnisstjóri er Kristín Bjarnadóttir.

Risamálheild

Vorið 2015 fékkst styrkur úr Innviðasjóði til þess að búa til gríðarstóran stafrænan textagrunn með málfræðilega mörkuðum textum sem hefur fengið heitið Risamálheild. Í málheildinni verður um einn milljarður lesmálsorða. Verkið er að mestu unnið á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en það er samstarfsverkefni sérfræðinga í máltækni og málvísindum við stofnunina, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem allir eiga aðild að Máltæknisetri og verkefnisstjóri er Eiríkur Rögnvaldsson prófessor. Sigrún Helgadóttir hefur unnið að öflun texta og samningum um afnot þeirra en Steinþór Steingrímsson hefur haft umsjón með úrvinnslu þeirra. Þá unnu Kristján Rúnarsson og Starkaður Barkarson við tiltekna verkþætti á árinu 2016. Ætlunin er að opna fyrstu útgáfu Risamálheildarinnar fyrir lok árs 2017.

Málrómur

Málrómur er safn talskráa sem var safnað á árunum 2011–2012 á vegum Háskólans í Reykjavík og Máltækniseturs í samstarfi við Google. Tekin voru upp talsýni frá 563 þátttakendum, samtals 152 klukkustundir af tali. Síðan var hlustað á allar hljóðskrárnar til þess að kanna hvort það sem var lesið hafi verið textinn sem átti að lesa. Af 127.286 talskrám voru 108.568 dæmdar nothæfar. Þessar talskrár verða aðgengilegar til nota við gerð máltæknitóla á vefsetrinu málföng.is snemma árs 2017.

Rafræn útgáfa á orðabók Sigfúsar Blöndals

Hafist var handa við að undirbúa *Íslensk-danska orðabók* eftir Sigfús Blöndal, sem gefin var út á árunum 1920–1924, fyrir rafræna birtingu. Ætlunin er að ljóslesla og marka flettur í orðabókinni þannig að hægt verði að leita í henni og rannsaka hana með sem fjölbreytilegustum hætti. Kristján Friðbjörn Sigurðsson hefur starfað við verkefnið og m.a. unnið að þjálfun forrits í tengslum við ljóslesturinn. Verkefnið er unnið fyrir Dansk-íslenskan orðabókarsjóð (Blöndalssjóð) sem stendur straum af kostnaði við verkefnið. Umsjónarmenn eru Halldóra Jónsdóttir, Steinþór Steingrímsson og Þórdís Úlfarsdóttir.

ISLEX

ISLEX er veforðabók milli íslensku og sex norrænna mála sem unnin hefur verið í samvinnu stofnunarinnar og háskóla- og rannsóknarstofnana annars staðar á Norðurlöndum. Orða-

bókin er opin og aðgengileg án endurgjalds á vefnum (islex.is). Þau markmál, sem eru tilbúin, eru danska, norska (bókmál og nýnorska), sænska og færeyska. Þýðingar á finnsku eru langt komnar en snemma árs fékkst styrkur úr finnska menningar-sjóðnum að upphæð 29 þúsund evrur til áframhaldandi vinnu við finnska hluta orðabókarinnar. Á árinu var stöðugt unnið að lagfæringum, viðbótum og uppfærslum á orðabókinni. Aðstandendur verkefnisins héldu nokkra fyrirlestra um ISLEX, meðal annars á málþingi LexicoNordica í Kaupmannahöfn og tvo fyrirlestra við háskólann í Vilnius. Orðabókin var einnig kynnt MA-nemum í orðabókarfræði við Háskóla Íslands. Helga Hilmisdóttir, verkefnisstjóri ISLEX í Finnlandi, hélt fyrirlestur um orðabókina við Helsingiháskóla. Notkun á ISLEX hefur aukist stöðugt frá því að orðabókin var opnuð síðla árs 2011, og var fjöldi notenda 118.000 árið 2016. Verkefnisstjóri ISLEX er Halldóra Jónsdóttir en Þórdís Úlfarsdóttir er aðalritstjóri.

Íslensk nútímamálsorðabók

Íslensk nútímamálsorðabók er nýjasta orðabókin á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og byggist hún að miklu leyti á ISLEX-verkefninu. Í henni eru 50 þúsund uppflettiorð með íslenskum skýringum ásamt fjölda orðasambanda og notkunardæma. Einnig eru í orðabókinni myndskreytingar og hljóddæmi fyrir öll uppflettiorðin. Orðabókin er enn í vinnslu en hún er langt komin og var ákveðið að opna aðgang að henni á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016. Orðabókina má nálgast ásamt fleiri uppflettiritum um íslensku á vefnum málið.is og einnig á isenskordabok.arnastofnun.is.

LEXÍA

Íslensk-frönsk veforðabók er nú í smíðum hjá stofnuninni í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ber hún vinnuheitid LEXÍA. Verkefnið er að miklu leyti fjármagnað með styrkfé sem kemur að mestu frá Franska bókmenntasjóðnum (CNL), en einnig hefur það hlotið styrk frá Erasmus+ áætluninni. Íslensk stjórnvöld lögðu til fjármagn að upphæð 19 milljónir til verkefnisins. Í árslok 2016 var búið að vinna um 20% af orðabókinni. Verkefnisstjóri franska hlutans er Rósa Elin Davíðsdóttir. Aðalritstjóri er Þórdís Úlfarsdóttir.

Time, Space, Narrative and the Íslendingasögur

Gísli Sigurðsson og Torfi Tulinius stýra verkefninu sem er styrkt af RANNÍS.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri: Composition, Context, and Collection 1864–2014

Rósa Þorsteinsdóttir stýrir verkefninu með Terry Gunnell. Verkefnið er styrkt af RANNÍS.

160 kvæðalög frá lðunni

Rósa Þorsteinsdóttir stýrir verkefni Kvæðamannafélagsins lðunnar sem felst í útgáfu á 160 kvæðalögum úr safni félagsins sem varðveitt er í þjóðfræðisafni stofnunarinnar.

Nöfn á húsum og götum í Reykjavík

Hallgrímur J. Ámundason vinnur að viðamikilli nafnfræðis-rannsókn á húsanöfnum í Reykjavík frá upphafi kaupstaðarins og fram undir 1900. Eitt nafnaeinkenni þessa tímabils er að bærinn er í raun tvímála svæði þar sem íslenska og danska eru talaðar jöfnum höndum. Þessa sér stað í nafnaforðanum á þessum tíma en á síðustu áratugum má segja að öll dönsk nöfn hafi horfið af yfirborðinu. Efni er m.a. safnað af gömlum kortum, sóknamannatölum, skjalasöfnum borgarinnar og úr prentuðum ritum.

Bragi – óðfræðivefur

Í febrúar 2016 voru alls skráð 2880 kvæði á Braga – óðfræðivef. Voru 792 þeirra aðeins bragtekin (þ.e. einungis skráður bragarháttur þeirra) en 2088 skráð í heild. Á vefinn voru þá skráðar 1676 lausavísur. Síðan hafa yfir 100 ljóð, sem áður voru aðeins bragtekin, verið fullskráð. Þá eru fullskráð ljóð nú orðin 2480, voru áður 2088, og eru ljóð á Braga því samtals 3160.

Rúmlega 100 lausavísur hafa bæst á vefinn síðan í fyrra og eru þær nú orðnar 1791. Kristján Eiríksson, sem tekið hefur við ritstjórn vefsins, hefur fært inn mestallan kveðskap á Braga á þessu tímabili en einnig hefur Bjarki Karlsson fært inn á Braga þau kvæði sem birst hafa í tímaritinu *Són*.

Megináhersla er sem fyrr lögð á að færa inn á Braga kveðskap milli 1400 og 1800 en því bókmenntaskeiði hefur hingað til hvað minnst verið sinnt í íslenskri bókmenntasögu.

Ýmsir vankantar eru á vefviðmóti gagnagrunnsins og gagnagrunninum sjálfum og er nú unnið að þarfagreiningu vefsins þar sem gerð verður grein fyrir því sem helst er ábótavant og brýnast er að koma í rétt horf sem fyrst. Óðfræðifélagið Boðn bað um og kostar þá vinnu.



Brynhildur Þórarinsdóttir, umsjónarmaður Barnabókaseturs við Háskólann á Akureyri, ásamt Svanhildi Mariu Gunnarsdóttur safnkennara og gestum á öllum aldri á opnu húsi í Hofi 13. nóvember 2016.

MIÐLUN OG KENNSLA

Ráðgjöf og leiðbeiningar

Málræktarsvið svarar geysimörgum fyrirspurnum um málfar árlega í síma og tölvupósti. Skriflegu spurningarnar berast helst gegnum netföng einstakra starfsmanna (agustath@hi.is, aripk@hi.is, johans@hi.is), netfangið malfarsradgjof@hi.is, netfangið arnastofnun@hi.is og veffangið arnastofnun.is. Ýmist er hringt í símanúmer malfarsráðgjafar (525-4430), til starfsmanna beint eða á skiptiborð stofnunarinnar sem beinir fyrirspyrjanda til starfsmanna sviðsins.

Málræktarsvið heldur úti Malfarsbankanum á vef stofnunarinnar ásamt fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu, stafróf og stafrófsröð, beygingu, ritreglur, umritunarreglur, ríkjaheiti og margt annað. Malfarsbankinn er meðal gagna sem leita má í á vefgáttinni málið.is. *Stafsetningarorðabókin* (2. útg. 2016) er aðgengileg á vefgáttinni málið.is.

Handritasýningar og safnkennsla

Á árinu voru handrit frá stofnuninni til sýnis á þremur sýningum: á grunnsýningu Þjóðminjasafns, *Þjóð verður til*, á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsi og á sérstakri sýningu

í Aðalstræti 16 sem bar heitið *Landnámssögur – arfur í orðum*. Sérstakt rými til safnkennslu var tekið í notkun í Aðalstræti í byrjun febrúar og batnaði þá öll aðstaða til að taka þar á mótí nemendum. Í aprílmánuði var efnt til erindaraðar á sunnudögum í tengslum við sýninguna og fjölluðu þau Guðrún Nordal, Gísli Sigurðsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Guðrún Ása Grímsdóttir þá um ýmist efni tengt landnámssögnum. Yfir sumarmánuðina var erlendum gestum boðið upp á leiðsögn um sýninguna. Hana önnuðust fjórir nemendur í miðaldafræðum við Háskóla Íslands: Grayson Del Faro, Víktória Gyönki, Balduin Landolt og Hannah Lois Lomas. Sýningunni í Aðalstræti var lokað í októberlok. Eftir það fór safnkennsla eingöngu fram í Safnahúsi.

Dagana 27.–29. apríl var farkennsluverkefninu *Heimsókn í grunnskóla á landsbyggðinni* fram haldið og fimm grunnskólar á sunnanverðum Vestfjörðum og í Strandasýslu heimsóttir. Með þessum grunnskólaheimsóknum lauk verkefninu formlega. Það hófst árið 2014 og var markmið þess að fræða nemendur um handritaafinn og söfnunarstarf Árna Magnússonar sem fékk handrit hvaðanæva af landinu. Síðasta farkennsluferðin var farin þriðjudaginn 3. maí þegar safnkennari tók þátt í metnaðarfullri menningarhátíð



Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku sem öðru máli í júlí 2016.

grunnskólanema í Borgarfirði og frá Reykhólum sem haldin var í Snorrastofu í Reykholti.

Þann 1. júlí var opnuð sýning um Íslensku teiknibókina í tónlistar- og ráðstefnuhásinu Hörpu. Sýningin var á ensku og var henni einkum ætlað að höfða til ferðamanna. Þar voru allar myndir bókarinnar sýndar með útskýringum auk eftirgerða af nokkrum blöðum handritsins. Sýningin, sem stóð til 15. ágúst, var samstarfsverkefni stofnunarinnar og Hörpu. Sýningarstjóri var Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur.

Málið.is

Hleypt var af stokkunum nýrri vefgátt sem veitir aðgang að orðabókum og öðrum gagnasöfnum stofnunarinnar um íslenskt mál. Í upphafi voru sex mismunandi gagnasöfn tengd vefgáttinni en þeim mun fjölga á næstu misserum. Vinna við þróun vefgáttarinnar hófst á fyrri hluta árs en undirbúningur hafði staðið lengur.

Málföng fyrir íslensku

Stofnunin rekur vefsetrið málföng.is þar sem ýmis málföng (gagnasöfn og töl) til nota í máltækni-verkefnum eru aðgengileg. Gögnin má sækja en venjulega þarf að samþykka tiltekið leyfi sem er skilgreint fyrir hvert gagnasafn. Vefsetrinu er stöðugt haldið við með því að bæta við gögnum og endurbæta efni og skýringar eftir því sem tilefni gefst til.

Icelandic Online

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið námskeiðinu Icelandic Online 1 með góðum árangri. Námskeiðin Icelandic Online 1 og 2 eru nú einnig gerð að skilyrði fyrir þátttöku í BA-námi í íslensku sem öðru máli við

Háskóla Íslands. Nú eru um 150.000 skráðir notendur Icelandic Online víða í heiminum, þar af eru 60.000 virkir. Slóðin er: www.icelandiconline.is. Unnið er að því að endurforrita námskeiðin, uppfæra þau og gera þau aðgengileg í gegnum snjalltæki. Lokið var við að uppfæra aðfaranámskeiðið Bjargir og það opnað formlega 13. september.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 4.–29. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Alls var kennt í 80 stundir á námskeiðinu, 70 stundir íslenskt mál og 10 stundir saga og samfélag, bókmenntir og listir. Þátttakendur voru 42 frá 15 löndum og komust mun færri að en vildu.

Sumarskóli í handritafræðum

Dagana 5.–12. ágúst var 13. alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum haldinn í Reykjavík. Að skólanum standa Árnastofnanirnar tvær, í Reykjavík og Kaupmannahöfn, og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann í Leeds. Skólann sækja meistara- og doktorsnemar frá ýmsum löndum. Leiðbeinendur á skólanum af hálfu stofnunarinnar voru að þessu sinni Guðrún Nordal, Haukur Þorgeirsson, Emily Lethbridge, Margrét Eggertsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir, Signe Hjerrild Smedemark, Svanhildur Óskarsdóttir og Ludger Zeevaert en Guðrún Þórhallsdóttir, Emily Lethbridge og Haraldur Bernharðsson af hálfu HÍ. Margrét Eggertsdóttir var skólastjóri.

Nordkurs

Stofnunin annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands dagana 6. júní til 1. júlí. Þátttakendur voru 29. Íslenskutímar voru 60 en auk þess sátu nemendur tíu fyrirlestra um menningu og sögu, heimsóttu söfn og fóru í ferðir á söguslóðir.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmenni af íslenskum ættum sem dvöldust hér á landi sumarið 2016 á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 13.–23. júní.

Kennsla

Ari Páll Kristinsson sat í tveimur doktorsnefndum í HÍ og var prófdómari í munnlegum prófum í íslensku sem öðru máli í HÍ. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðfræði á meistarastigi í Íslensku- og menningardeild. Ásta Svavarsdóttir sat í doktorsnefnd. Margrét Eggertsdóttir sat í tveimur doktorsnefndum og leiðbeindi doktorsnemum. Svanhildur Óskarsdóttir andmælti við doktorsvörn, leiðbeindi doktorsnema auk þess að sitja í þremur doktorsnefndum. Haukur Þorgeirsson leiðbeindi einum doktorsnema, sat í tveimur doktorsnefndum og prófdæmdi tvær MA-ritgerðir.

Guðvarður Már Gunnlaugsson var leiðbeinandi meistaranema við samningu lokaritgerða og prófdæmdi í námskeiðum við HÍ og við Fróðskaparsetur í Færeyjum. Guðrún Ása Grímsdóttir var í einni doktorsnefnd. Þórunn Sigurðardóttir sat í doktorsnefnd og var andmælandi við doktorsvörn. Gísli Sigurðsson kenndi námskeið við þjóðfræðadeild HÍ, um munnlega hefð og íslenskar fornþókmenntir, og annað námskeið um söfnun þjóðfræða, leiðbeindi nemum við BA-ritgerðir í þjóðfræði og lokaritgerðir í meistaranámi í miðaldrafræðum. Rósa Þorsteinsdóttir hafði umsjón með BA-ritgerðum í þjóðfræði við HÍ. Hallgrímur J. Ámundason var meðleiðbeinandi meistaranema við samningu lokaritgerða.

Sérfræðingar frá stofnuninni kynntu hver sitt svið fyrir íslenskunemum í námskeiðinu Aðferðir og vinnubrögð á haustmisseri. Sérfræðingar handritasviðs og þjóðfræðasviðs tóku á mótum nokkrum hópum stúdenta úr Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands og sýndu þeim handrit sem tengjast fræðasviðum þeirra.

Ýmis fræðsla og kynning

Starfsmenn veita gjarna innlendum og erlendum fjölmiðlum viðtöl um ýmis efni á fræðasviði stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um störf, skrif og fyrirlestra einstakra fræðimanna má finna í rafrænni útgáfu ársskýrslunnar: <http://www.arnastofnun.is/page/arsskyrslur>.

Gísli Sigurðsson sá um, í félagi við Ævar Kjartansson, nokkra þætti um sjálfsmynd á Rás 1 með fræðimönnum á sviði félagsvísinda. Þá ritaði Gísli mánaðarlega pistla um tungutak fyrir helgarblað Morgunblaðsins. Ari Páll Kristinsson veitti nokkur viðtöl við erlenda og innlenda fjölmiðla um íslenskt mál og málsamfélag og tók m.a. á mótum norskum menntaskólakennurum og nemendum þeirra og hélt erindi um mál og málaðstæður á Íslandi 2. nóvember. Jóhannes B.

Sigtryggsson flutti erindi á Nordkurs-námskeiði í Reykjavík 13. júní, flutti kynningu á íslenski málrækt fyrir íslenskunema frá Zürich í Sviss og veitti Leifi Haukssyni viðtal á Rás 1 8. september um nýjar ritreglur og sögu stafsetningar. Jón Hilmar Jónsson fór í viðtal á Rás 2 og sagði frá Íslensku orðaneti.

Fjögur teymi sjónvarpsfólks komu í heimsókn í starfsstöðina í Árnagarði á árinu, mynduðu handrit og fengu fræðslu.

Guðrún Nordal, Svanhildur Óskarsdóttir, Gísli Sigurðsson og Eva María Jónsdóttir tóku þátt í Njáluhátíð í Borgarleikhúsinu með stuttum fræðslufyrirlestrum á undan leiksýningunni Njálu.

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn nefndist: *Vér lærum ekki til að verða lærðir, heldur til að verða góðir*. Um 140 manns sóttu fyrirlesturinn.

Málstofa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gengst fyrir málstofu um íslensk fræði. Fyrirlesarar á vormisseri 2016 voru: Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Silvia Hufnagel, Eva María Jónsdóttir, Gisle Andersen og Terry Gunnell. Á haustmisseri fluttu eftirtalin erindi: Leszek Gardela, Lena Rohrbach, Jón Hilmar Jónsson og Úlfar Bragason.

Árna Magnússonar fyrirlestur

Á fæðingardegi Árna Magnússonar 13. nóvember flutti Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor opinberan fyrirlestur í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fyrirlesturinn nefndi hún *Pappirshandrit hækka í verði: Ný viðhorf í handrita-rannsóknnum*.

Málþing um þjóðlagatónlist á Vöku – þjóðlistahátíð

Rósa Þorsteinsdóttir undirbjó og stjórnaði málþinginu Folk Music: Research and Performance, alþjóðlegu málþingi sem haldið var í tengslum við Vöku – þjóðlistahátíð á Akureyri 16. júní.

Sýning um íslensku Brasíliufarana

Gísli Sigurðsson var í samstarfi við Vesturfarasetur í tengslum við opnun nýrrar sýningar um íslensku Brasíliufarana.



Eitt af handritunum sem voru á sýningunni Landnámssögur – arfur í orðum sem lauk haustið 2016. AM 471 4to geymir m.a. Kjalnesingasögu.

SAMSTARF INNANLANDS

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Gagnagrunnurinn www.handrit.is er samstarfsverkefni stofnunarinnar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Nordisk forskningsinstitut í Kaupmannahöfn. Þessar þrjár stofnanir starfa einnig saman að alþjóðlegum sumarskóla í handritafræðum.

Hið íslenska fornritafélag

Stofnunin er í samstarfi við Hið íslenska fornritafélag sem meðal annars felst í því að ýmsir starfsmenn Árnastofnunar vinna að og hafa unnið að útgáfum á vegum félagsins. Jafnframt hefur ritstjóri Íslenskra fornrita vinnuástöðu á Árnastofnun í Árnagarði.

Örnefnanefnd

Stofnunin annast skrifstofuhald fyrir örnefnanefnd og hefur nefndin aðsetur í húsakynnum stofnunarinnar. Ný nefnd var skipuð á árinu 2015 í kjölfar þess að sett voru ný lög um örnefni, nr. 22/2015. Talsverð breyting var gerð á eðli og starfi nefndarinnar með nýju lögunum. Meginhlutverk nefndarinnar var áður að úrskurða um nöfn á nýjum lögbýlum og breytingar á nöfnum eldri býla. Þetta verkefni hefur verið flutt til sveitarfélaga en nefndin er nú eftirlitsaðili og veitir álit og úrskurð ef ágreiningur ris um nöfn. Nefndin úrskurðar einnig um hvaða nöfn skuli standa í opinberum örnefnagrunni, á opinberum skiltum og veitir umsagnar, s.s. vegna nýrra náttúru- fyrirbæra eða nýrra sveitarfélaga. Nefndarmenn eru: Þórunn Sigurðardóttir formaður (varamaður: Haraldur Bernharðs-

son), Halldór Blöndal varaformaður, Gunnar H. Kristinsson (varamaður: Danfríður Skarphéðinsdóttir), Hallgrímur J. Ámundason (varamaður: Jónína Hafsteinsdóttir) og Margrét Jónsdóttir (varamaður: Sigurður Konráðsson).

Landmælingar Íslands

Einn meginsamstarfsaðili Nafnfræðisviðs eru Landmælingar Íslands. Reglubundið samráð er milli stofnananna um örnefni á kortum og í kortagrunni. Afrakstur samvinnunnar er m.a. að finna í Örnefnasjá Landmælinga á netinu (<http://atlas.lmi.is/ornefnasja/>). Fjölmargir skráningaráðilar vitta og breitt um landið sinna skráningu örnefna í Örnefnasjá og njóta við þá vinnu stuðnings starfsmanna Landmælinga Íslands og nafnfræðisviðs. Grunnur að örnefnaskráningu er í flestum tilfellum örnefnaskrár sem varðveittar eru í Örnefnasafni. Gögn Landmælinga Íslands eru gjaldfrjáls, opin og aðgengileg. Margir eru farnir að hagnýta þau í ýmsum tilgangi, bæði í atvinnulífinu og í rannsóknum. Eitt dæmi um það er örnefnaskrá Alta (<http://gis.alta.is/ornefni/>) sem býður upp á skemmtilega möguleika við leit að örnefnum á öllu Íslandi.

Íslensk málnefnd

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Af hálfu stofnunarinnar var Jóhannes B. Sigtryggsson samverkamaður og ritari Íslenskrar málnefndar fram til 1. september en Ágústa Þorbergsdóttir tók þá við þeim verkefnum sem staðgengill Jóhannesar. Samverkamaður og ritari hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum málnefndarinnar, annast skrifstofuþjónustu við nefndina og sér um vefsíðu hennar. Eitt helsta verkefni ársins var útgáfa nýrra ritreglna. Á vegum Íslenskrar málnefndar störfuðu vinnuhópar árin 2009–2015 að endurskoðun íslenskra ritreglna en í lögum um stöðu íslenska tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011, segir í 6. grein: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út.“ Jóhannes B. Sigtryggsson var meðlimur í þessum vinnuhópum. Íslensk málnefnd skilaði drögum að nýjum ritreglum til mennta- og menningarmálaráðuneytis 5. apríl 2016. Ráðuneytið auglýsti síðan nýjar ritreglur 6. júní 2016 (<https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Auglysing-um-islenskar-ritreglur.pdf>). Málnefndin lét hanna nýja aðgengilega gerð af ritreglunum sem birt er á vefsíðu málnefndarinnar: <http://islenskan.is/images/ritreglur-IM-2016.pdf>. Jóhannes hafði umsjón með þeirri vinnu. Allar *Málfregnir*

(tímarit Íslenskrar málnefndar 1987–2005) fóru inn á timarit.is á árinu.

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar var haldið 15. nóvember í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns (sjá: <http://islenskan.is/8-frettir/39-malraektarthing-15-november-kl-15-30>). Þingið nefndist *Tungan og netið*. Jóhannes skipulagði þingið ásamt stjórn Íslenskrar málnefndar.

Máltækni setur

Máltækni setur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlutverk setursins er að vera miðstöð íslenskrar máltækni með því m.a. að eiga frumkvæði að og taka þátt í rannsóknum og hagnýtum verkefnum á því sviði, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um máltækni, standa fyrir ráðstefnum og reka vefsíðu þar sem miðlað er upplýsingum um íslenska máltækni. Fulltrúi stofnunarinnar í stjórn setursins er Sigrún Helgadóttir.

Almannarómur

Sjálfsgeignarstofnunin Almennarómur var stofnuð í júní 2014. Markmið hennar er tvíþætt, annars vegar að auka samkeppnisfærni íslenskra fyrirtækja og hins vegar að auka mannréttindi og bæta samfélagið. Stofnunin á aðild að Almennarómi. Guðrún Nordal er formaður fulltrúaráðs og Sigrún Helgadóttir var formaður stjórnar þangað til í júní 2016.

Orðanefndir

Innlent samstarf í iðorðamállum felst í aðstoð við orðanefndir og aðra höfunda sérhæfðra orðasafna, rekstri Íðorðabanka Árnastofnunar og hvatningu og stuðningi við gerð nýrra iðorðasafna og aðstoð við rafræna og prentaða útgáfu iðorðasafna.

Formaður orðanefndar læknafélaganna, Jóhann Heiðar Jóhannsson, hafði fasta vinnuaðstöðu á málræktarsviði þar sem hann vann í hlutastarfi við endurbætur á iðorðasafni lækna. Ágústa Þorbergsdóttir átti á árinu samstarf við ýmsar fleiri orðanefndir, t.a.m. orðanefnd byggingarverkfræðinga, orðanefnd í faraldsfræði, tölvuorðanefnd, orðanefnd arkitekta, orðanefnd í atferlisfræðum, orðanefnd í hannyrðum, orðanefnd í tólmálafræðum og orðanefnd í menntunarfræðum, og við aðra sérfræðinga og iðorðasafnahöfunda.



Frá hátíðardagskrá í Björtuloftum í tilefni af degi íslenskrar tungu.

Dagur íslenskrar tungu

Stofnunin kom að undirbúningi viðburða á degi íslenskrar tungu. Sigurður Pálsson skáld hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2016. Sérstaka viðurkenningu í tilefni dagsins hlaut Ævar Þór Benediktsson rithöfundur. Á hátíðardagskránni opnaði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, formlega vefgáttina málið.is og Ari Páll Kristinsson kynnti stuttlega efni hennar og tilgang. Frumsýnt var kynningarmyndband um málið.is sem unnið var í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Málnefnd um íslenskt táknmál

Stofnunin er skv. lögum skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknmál. Dagleg umsjón starfseminnar fer fram í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.

Orð ársins 2016

Ágústa Þorbergsdóttir sat í undirbúningshópi um orð ársins í íslensku í samstarfi við RÚV og Mími, félag stúdenta í íslensku og almennum málvísindum.

Gunnarsstofnun

Svanhildur Óskarsdóttir er fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri en Rósa Þorsteinsdóttir er varamaður hennar.

Snorrastofa

Margrét Eggertsdóttir er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis í stjórn Snorrastofu í Reykholti, skv. tilnefningu stofnunarinnar, en Úlfar Bragason er varamaður hennar.

Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum og Rannsóknarsjóður SÁS og HS

Rósa Þorsteinsdóttir situr í stjórn Rannsóknarstofu í tónlistarfræðum og í stjórn Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar.

Rannsóknarstofa í máltileinkun

Hugvísindastofnun samþykkti reglur um Rannsóknarstofu í máltileinkun (RÍM) á vormisseri 2010. Markmiðin með henni eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að rannsóknarstofunni. Stofan gekkst fyrir málstofu á Hugvísindapíngi 2016 og umræðufundum um annarsmálsfræði á vor- og haustmisseri.



Rósa Þorsteinsdóttir hélt NoFF-fund í málstofunni í Árnagarði.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Árið 2016 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennararnir sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, þrjár í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína.

Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Humboldtháskóla í Berlín og Manitobaháskóla í Winnipeg.

Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir kennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega.

Stundakennsla í íslensku við Cambridge-háskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2015–2016. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Waseda-háskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

European Network of e-Lexicography (EneL)

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir eru fulltrúar Íslands í COST-verkefninu IS1305 (European Network of e-Lexicography – EneL). Aðilar að áætluðum eru 30 lönd í Evrópu og er markmið hennar að koma á fót samevrópskri orðabókagátt með aðgangi að vönduðum rafrænum orðabókum á ýmsum tungumálum. Um er að ræða fjögurra ára verkefni sem lýkur haustið 2017.

Norrænt félag um orðabókagerð – NFL

NFL er helsti samstarfsvettvangur orðabókafræðinga á Norðurlöndum. Félagið stendur fyrir ráðstefnu annað hvert ár og gefur árlega út tímaritið *LexicoNordica* og heldur málþing um tiltekið efni í tengslum við það. Málþingið 2016 var haldið á Schæffergården norður af Kaupmannahöfn og þar var fjallað um norrænar orðabækur og kennslu (*Nordiska ordböcker og pedagogik*). Meðal fyrirlesara voru Halldóra Jónsdóttir, Þórdís Úlfarsdóttir og Erla Erlendsdóttir. Greinar byggðar á fyrirlestrunum birtust í þemahluta 23. heftis *LexicoNordica* sem kom út síðar á árinu. Þórdís Úlfarsdóttir er varaformaður félagsins og Ásta Svavarsdóttir situr í ritstjórn tímaritsins *LexicoNordica*.

Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna iðorðastofnana og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í iðorðafræði (TERMDIST). Ágústa Þorbergsdóttir annast þessi verkefni af hálfu málræktarsviðs. Stofnunin á enn fremur aðild að alþjóðlegu iðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT. Fulltrúi stofnunarinnar er Ágústa Þorbergsdóttir.

Ágústa Þorbergsdóttir vinnur að samnorræna verkefninu Termbase til stötte for nordisk mobilitet sem málnefndirnar á Norðurlöndum standa fyrir og miðar að því að taka saman gagnagrunn þar sem hægt verður að fletta upp erfiðum sérfræðiorðum á dönsku, íslensku, finnsku, norsku eða sænsku og fá skilgreiningu á eigin tungumáli. Gagnagrunnurinn verður aðgengilegur á netinu. Markhópur þessa verkefnis eru þeir sem flytja í annað norrænt land.



Víkiga- og miðaldafræði

Gísli Sigurðsson er í stjórn norræns meistaranáms í víkiga- og miðaldafræðum og tekur þátt í alþjóðlegu verkefni um minnisrannsóknir í samvinnu við fræðimenn við háskólana í Árósum, Zürich og Cambridge í Massachusetts. Þá er hann með í Erasmus+ verkefninu *ProPeace*, undir forystu háskólans í Saint Etienne í Frakklandi.

Málrækt

Stofnunin á samvinnu við norrænar systurstofnanir á sviði málræktar. Jóhannes B. Sigtryggsson er norrænn ritari í því samstarfsneti og sótti fund á þess vegum 26. febrúar og ásamt Guðrúnu Kvaran, formanni Íslenskrar málnefndar, fund 11. apríl í Kaupmannahöfn. Þau sátu einnig málnefndarþing norrænu málnefndanna (sprog møde) sem var haldið í Vasa í Finnlandi 1.–2. september. Jóhannes situr jafnframt í ritstjórn tímaritsins *Sprog i Norden*. Ari Páll Kristinsson situr í norrænum vinnuhópi um málskýrð. Ari Páll vann með fleirum í þeim hópi að undirbúningi faglegrar dagskrár norrænu málskýrðarráðstefnunnar í Kaupmannahöfn í maí 2017. Ari Páll er fulltrúi af hálfu stofnunarinnar gagnvart evrópsku samtökunum European Federation of National Institutions for Language en Íslensk málnefnd á aðild að þeim.

MENOTA — Medieval Nordic Text Archive

Stofnunin á aðild að þessum textabanka með norrænum miðaldertextum. Fulltrúi hennar er Haraldur Bernharðsson en Haukur Þorgeirsson er varamaður hans.

Nafnfræði

Nafnfræðisvið er í nánu sambandi við Norrænu nafnfræðisamtökin, NORNA (www.norna.org). Samtökin standa að ýmiss konar funda- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu og fræðilegs samstarfs. Hallgrímur J. Ámundason situr í stjórn samtakanna fyrir hönd Íslands og Birna Lárusdóttir er varamaður. Stjórnin fundar að jafnaði tvisvar á ári í einhverju norrænu landanna þar sem útgáfur, ráðstefnur, fundir og þing eru skipulögð. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu um nafnfræðileg málefni á Íslandi árið 2020. Á vegum samtakanna eru árlega birtar

ritaskrár yfir útgefið nafnfræðiefni í hverju landi og ársskýrslur frá hverju landi eru birtar í tímaritinu *Namn och bygd* sem gefið er út í Svíþjóð. Samstarf er einnig við Örnefnanefnd Sameinuðu þjóðanna, UNGEGN, einkum norræna hlutann, Norden Division.

Lektorafundur

Fertugasti og þriðji fundur íslenskukennara erlendis var haldinn í München laugardaginn 30. maí. Alþjóðasvið skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana. Fundinn sóttu fimmtán kennarar, sem gegndu störfum á vormisseri 2015, auk Úlfars Bragasonar og Halldóru Jónsdóttur.

Á fundinum var rætt um íslenskukennslu erlendis og kennarar gerðu grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2015–2016. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Á hvert sækja á annað þúsund nemandeild íslensku við háskóla erlendis. Bjarni Benedikt Björnsson sagði frá kennsluvefnum Ritli, Halldóra Jónsdóttir frá ISLEX-verkefninu og Helga Hilmisdóttir frá notkun sinni á *Icelandic Online* vefnum í kennslu. Auk þeirra fluttu Stig Olsen, Magnús Hauksson, Hartmut Mittelstädt og Veturliði Óskarsson erindi.

Eftir fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti ályktun um íslenskukennslu við erlenda háskóla sem send var mennta- og menningarmálaráðherra.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans. Nefndin kom tvisvar saman til fundar á árinu, í Helsinki 4. mars og í Reykjavík 11. nóvember. Í tengslum við fundinn í Reykjavík heimsóttu nefndarmenn rektor Háskóla Íslands og ræddu við hann, forseta Hugvísindasviðs og forseta mála- og menningardeildar um kennslu Norðurlandamála við skólann.

Kennarar og nemendur í sumarskóla í handritafræðum sem stofnunin stendur fyrir árlega í samstarfi við Landsbókasafn Íslands og Árnasafn í Kaupmannahöfn.

Þá fengu fulltrúarnir að skoða nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur undir leiðsögn Auðar Hauksdóttur forstöðumanns og Vigdísar Finnbogadóttur.

Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar. Slóðin er: <http://samarbetsnamnden.org/>

Samráðsnefnd um íslenskukennslu erlendis

Úlfar Bragason á sæti í samráðsnefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskólans, Bergljótu Kristjánsdóttur prófessor og Þóru Björk Hjartardóttur dósent. Samráðsnefndin fjallar um umsóknir um kennarastöður erlendis og er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum íslenskukennslu við erlenda háskóla.

Gestir í fræðimannsíbúðum

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Hvassaleiti 30 árið 2016 voru: Patrick Kelley og Alicia Parrish frá Englandi, Susanne Arthur frá Bandaríkjunum, Rósa Magnúsdóttir frá Danmörku, Lena Rohrbach frá Þýskalandi, Kathleen Forni frá Bandaríkjunum, Dávid Veréss frá Ungverjalandi, Arthúr Björgvin Bollason frá Þýskalandi.

Gestir í íbúð í Þingholtsstræti 29 árið 2016 voru: Silvia Hufnagel frá Austurríki, Katarzyna Kapitan frá Danmörku, Kirsten Wolf frá Bandaríkjunum, Natalie Van Deusen frá Kanada, Leszek Gardela frá Póllandi, Andrew Wawn frá Englandi og Einar Már Jónsson frá Frakklandi.

Nordkursnefnd

Norræn nefnd, sem starfar með stuðningi Norræna ráðherra-nefndarinnar og skipuleggur sumarnámskeið í Norðurlandamálum og -bókmenntum fyrir norræna háskólanema, hélt ársfund sinn í Reykholti 16.–17. september. Úlfar Bragason situr í nefndinni. Úlfar Bragason og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, starfsmenn alþjóðasviðs, sáu um skipulagningu ársfundarins sem 27 manns sátu.

Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnast sem best íslenskr tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Auk Úlfars Bragasonar eiga sæti í

úthlutunarnefndinni Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdis Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskólans.

Á árinu 2016 nutu eftirfarandi fræðimenn þriggja mánaða styrkja: Kathleen Forni, prófessor í enskum miðaldabókmenntum við Loyola-háskólann í Maryland, Bandaríkjunum, til að vinna að bók um Bjólfskviðu; Leszek Gardela, lektor í fornleifa- og safnafræði við Rzeszów-háskólann í Póllandi, til að stunda rannsóknir á kvenhetjum í íslenskum fornþekktum, og Lena Rohrbach, prófessor í norrænum fræðum við Humboldtháskóla í Berlín, til að fást við rannsóknir á Jónsbókarhandritum.

Stúdentastyrkir mennta- og menningarmálaráðuneytis

Frá hausti 2010 hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annast umsýslu styrkja mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands. Alls bárust 94 gildar umsóknir frá 24 löndum um styrki fyrir árið 2016–2017, þar af 9 um framhaldsstyrk. Fimm nemendur þáðu framhaldsstyrk en 10 hlutu styrk til að hefja nám í íslensku sem öðru máli.

NoFF

Árlegur fundur NoFF (Nordiskt forum för folkmusikforskning och –dokumentation / Nordic Forum for Folk Music Research and Documentation) var að þessu sinni haldinn á stofnuninni 10.–11. október. Rósa Þorsteinsdóttir skipulagði fundinn en þar voru meðal annars haldin sjö erindi um ýmis verkefni í þjóðtónlistarfræðum. Hún sat einnig tvo fundi um samstarf þjóðfræðisafna sem báðir voru haldnir í Riga í september, hjá SIEF Work Group on Archives og Network of Nordic and Baltic Tradition Archives. Rósa vinnur áfram með Svend Nielsen að undirbúningi á útgáfu á kveðskap tíu íslenskra kvæðamanna í upptökum sem hljóðritaðar voru af Hallfreði Erni Eiríkssyni og Svend Nielsen við Dansk folkemindesamling á 7. áratug síðustu aldar.

NordHymn – Nordisk hymnologisk nettverk

Margrét Eggertsdóttir situr í stjórn NordHymn.

VIÐBURÐIR 2016



Janúar

Guðrún Ása Grímsdóttir sæmð heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar fyrir störf sín á vettvangi íslenskra fræða og menningar.

Eva María Jónsdóttir, vef- og kynningarstjóri, hefur störf.

Bókin Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld, eftir Þórunni Sigurðardóttir, hlýtur Fjöruverðlaun 2016.

Guðrún Kvaran svarar í þúsundasta sinn fyrirspurn á Vísindavef Háskóla Íslands.

Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði haldin í 30. sinn í Þjóðminjasafni Íslands dagana 29.–30. janúar.

Febrúar

Þórunn Sigurðardóttir tekur við tilnefningu til Viðurkenningar Hagþenkis 2015 fyrir bók sína *Heiður og huggun. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld*.

Emily D. Lethbridge, Haukur Þorgeirsson, Margrét Eggertsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir hljóta styrki úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Mars

Finnskur hluti ISLEX hlýtur þróunarstyrk úr Finnska menningarsjóðnum.

Þrjú ár eru liðin frá því að fyrsta skóflustungan að Húsi íslenskunnar var tekin á gamla Melavellinum 11. mars 2013. Af því tilefni birtast greinar í blöðum eftir Þorstein Pálsson, Katrínu Jakobsdóttur, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Jón Sigurðsson.

Tímaritið Orð og tunga 18 kemur út.

Málið.is hlýtur styrk úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur og Málræktarsjóði.

Konungsbók eddukvæða GKS 2365 4to hlýtur nýskráningu á landslista um Minni heimsins. Athöfn haldin í Þjóðskjalasafni Íslands.

Haukur Þorgeirsson og Guðrún Nordal stýra verkefnum sem fá styrk úr Rannsóknarsjóði Rannís.

Hælisleitendur á Íslandi koma í heimsókn með fulltrúum Rauða kross Íslands og fá stutta kynningu um íslensku þjóðina frá landnámi, kynningu á íslenski tungu og vefnámskeiðinu Icelandic Online.

Apríl

Stofnfundur vínafélags Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum haldinn í tilefni þess að 45 ár eru liðin frá því að fyrstu handritin komu heim. Vínafélagið telur 446 stofnfélaga. Í stjórn vínafélagsins eru: Sigurður Svavarsson formaður, Kristján Kristjánsson, Marteinn Breki Helgason, Nanna Rögnvaldardóttir, Sjöfn Kristjánsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Þórunn Sigurðardóttir.



Fjórir fræðimenn á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum segja frá handritum á sýningunni Landnámssögur – arfur í orðum, á sunnudögum í apríl.

Íslensk málnefnd skilar drögum að nýjum ritreglum.

Útgáfusamningur Gyldendal og Saga forlag, sem Jóhann Sigurðsson stýrir, undirritaður í Árnastofnun 15. apríl.

Svanhildur María Gunnarsdóttir safnkennari heimsækir fimm grunnskóla á sunnanverðum Vestfjörðum og lýkur þar með farkennsluverkefninu Heimsókn í grunnskóla á landsbyggðinni.

Maí

Safnkennari tekur þátt í metnaðarfullri menningarhátíð grunnskólanema í Borgarfirði og frá Reykhólum í Snorrastofu í Reykholti.

Sæktu þér að lesa sögur eða ljóð – málþing Íslenskrar málnefndar og Radda haldið í Norræna húsinu 12. maí, í tilefni tuttugu ára afmælis Stóru upplestrarkeppinnar.

Ársfundur stofnunarinnar haldinn á Hótel Sögu 25. maí undir yfirskriftinni Gárur af gögnum.

Árlegur fundur háskólakennara í íslensku erlendis haldinn í Þýskalandi 27. maí.

Boðið upp á handritaleiðsögn á ensku á handritasýningunni Landnámssögur – arfur í orðum.

Júní

Pórunn Sigurðardóttir ráðin rannsóknarlektor á handritasviði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hefur störf í september.

Nordkurs-íslenskunámskeið fyrir norræna stúdenta haldið í Háskóla Íslands 6. júní – 1. júlí.

Ungmenni af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum taka þátt í Snorraverkefninu.

Nýjar ritreglur gefnar út. Íslenskum ritreglum hefur nú verið breytt í fyrsta sinn síðan 1977.

Júlí

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið í sumarskóla í íslensku máli og menningu haldið í Reykjavík.

Sýning á Íslensku teiknibókinni í Hörpu dagana 1. júlí – 15. ágúst. Teiknibókin er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu.

Ágúst

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum haldinn í Reykjavík í þrettánda sinn.

Áfanga náð í starfi Wikisögu þegar hægt er að finna upplýsingar um yfir 500 fræðiritgerðir og -bækur sem fjalla um Egils sögu og tæplega 400 um Njáls sögu.



September

Afmælishaust var yfirskrift þeirra viðburða sem voru haldnir á vegum stofnunarinnar frá 1. september – 24. nóvember 2016, en þá voru liðin tíu ár frá því að fimm stofnanir sameinuðust undir heitinu Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Leitað var til fyrirtækja um fjárstyrk við þá viðburði sem voru á dagskrá þessa haustmánuði. Landsbankinn, Landsvirkjun, Gamma, Hagar og Mjólkursamsalan lögðu fram 150.000 krónur hvert.

Vinnu við íslensk-rússneska orðabók á vefnum miðar vel; þriðjungi verksins er lokið þegar um 11.000 orð eru komin í gagnagrunninn.

Byrjendanámskeið í íslensku sem öðru máli, Bjargir, opnað fyrir snjalltæki á vefsvæðinu www.icelandiconline.is. Netnámskeið í færeysku opnað á vefsvæðinu sama dag.

Guðmundur Andri Thorsson flytur Sigurðar Nordals fyrirlestur í Norræna húsinu á fæðingardegi hans 14. september. Efni lestrarins er Sveinbjörn Egilsson og yfirskriftin er „Vér lærum ekki til að verða lærðir, heldur til að verða góðir.“

Peng Long, rektor Pekingháskóla, heimsækir stofnunina ásamt fylgdarliði.

Jóhannes B. Sigtryggsson ráðinn rannsóknarlektor á málræktarsviði.

Árlegt þing norrænu málnefndanna haldið í Vasa í Finnlandi 1.–2. september.

Helga Hilmisdóttir ráðin rannsóknarlektor á orðfræðisviði, hefur störf í byrjun árs 2017.

Árlegur fundur í Nordkurssamstarfinu um sumarnámskeið í norrænum tungumálum haldinn í Reykholti 16.–17. september.

Október

Íslenskt orðanet kynnt við hátiðlega athöfn í Hannesarholti og vefslóðin ordanet.arnastofnun.is opnuð almenningi.

Gisli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hlýtur inngöngu í Gustavs Adolfs akademíuna í Uppsölum.

Árlegur fundur NoFF haldinn í Árnastofnun í Árnagarði.

Alþjóðleg ráðstefna, Heimur í brotum: GKS 1812 4to og alfræði miðalda, haldin í Viðey 20.–21. október.

Gisli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fær afhent handritsbrot af Njálu frá bókasafnara í nágrenni Seattle. Williard Larsson er af íslenskum ættum.

Fimmtán nemendur í íslensku hljóta styrki mennta- og menningarmálaráðuneytisins til náms í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands háskólaárið 2016–2017. Nemendurnir koma frá níu löndum, flestir frá Evrópu en einnig frá Norður-Ameríku, Kína og Rússlandi.

Handritasýningunni Landnámssögur – arfur í orðum lýkur.



Nóvember

Afmælisdagur Árna Magnússonar haldinn hátíðlegur með opnu húsi í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Stór hluti starfsfólks stofnunarinnar mætir og kynnir það sem stofnunin hefur að bjóða, bæði lærdum og leikum.

Margrét Eggertsdóttir flytur Árna Magnússonar fyrirlesturinn. Yfirskriftin er „Pappírshandrit hækka í verði. Ný viðhorf í handritarannsóknunum.“

Bókin *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar* eftir Guðrúnu Ingólfssdóttur kemur út. Hún hefur verið gestafræðimaður við stofnunina. Bókin var stuttu síðar tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðiritu. Guðrún hlaut Menningarverðlaun DV árið 2016 fyrir rit sitt.

Degi íslenskrar tungu fagnað þann 16. nóvember. Af því tilefni standa mennta- og menningarmálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir hátíðardagskrá í Björtuloftum í Hörpu. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, opnar vefgáttina málið.is. Við sömu athöfn hlýtur skáldið Sigurður Pálsson Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og Ævari Þór Benediktssyni rithöfundu er veitt sérstök viðurkenning fyrir barnabækur sínar.

Útgáfuteiti í tilefni útkomu pistlasafnsins *Konan kemur við sögu* haldið í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Tungan og netið, málrættarþing Íslenskrar málnefndar, haldið. Orðabókarritstjórar ISLEX, Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir, hljóta þar viðurkenningu.

Norræn samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis heldur haustfund í Reykjavík.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, sem haft hefur aðstöðu við stofnunina, ver doktorsritgerð sína, *Jómsvikingasaga: Sérstaða, varðveisla og viðtökur*.

Desember

Dr. Lorenzo Lozzi Gallo, dósent í norrænum fræðum við háskólann í Messínu á Ítalíu, Dr. Tamas Beregi, rithöfundur í Búdapest í Ungverjalandi og Dr. Sian Elizabeth Grønlie, dósent í miðaldafræðum við Oxfordháskóla, hljóta Snorrastyrki 2017 til þriggja mánaða hvert.

RÚV, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Mímír – félag stúdenta í íslenskum fræðum standa fyrir vali á orði ársins 2016. Orðið *hrútskýring* varð fyrir valinu.

Neil McCarthy, útvarpsmaður á BBC, kemur í heimsókn ásamt Andra Snæ Magnasyni rithöfundu og kynnist m.a. segulbandasafni stofnunarinnar. Þættinum verður útvarpað á BBC World Service um jólin 2017.





OPIÐ HÚS OG FYRIRLESTUR Í HOFI Á AKUREYRI

Á afmælisdegi Árna Magnússonar, 13. nóvember, stóðu starfsmenn stofnunarinnar fyrir opnu húsi í Hofi á Akureyri klukkustundirnar áður en Margrét Eggertsdóttir flutti Árna Magnússonar fyrirlestur í tilefni dagsins.

Jón Hilmar Jónsson og Bjarki Karlsson kynntu áhugasömum hið nýopnaða vefsvæði Íslenskt orðanet, Úlfar Bragason og Kolbrún Friðriksdóttir kynntu nýja útgáfu af smáforritinu Icelandic Online sem var til reynslu fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref í íslenskunámi, Rósa Þorsteinsdóttir og Gísli Sigurðsson tefldu fram þjóðfræðiefni á borð við Ísmús, auk diska og bóka sem stofnunin hefur gefið út um efnið, Svanhildur María Gunnarsdóttir safnkennari gaf ungum og öldnum kost á að rita með arnarfjöðrum og heimalöguðu bleki á sérverkað kálfsskinn auk þess sem Barnabókasetur undir stjórn Brynhildar Þórarinsdóttur, dósents við Háskólann á Akureyri, sýndi nútímahandrit að barnabók eftir Þorvald Þorsteinsson.

Fjöldi fólks lagði leið sína í Hof og skoðaði það sem starfsfólk Árnastofnunar og samferðamenn úr héraðinu höfðu fram að færa. Af heimamönnum sem lögðu til dagskrárinnar má nefna að rithöfundurinn Arnar Már Arngrímsson las upp úr verðlaunabók sinni *Sölvasögu unglings*, og systurnar Anna Halldóra og Kristín Sigtryggisdætur kváðu stemmur fyrir viðstadda.



Myndir í ársskýrslu

Bls. 1, 5, 7, 8, 9, 14, 19, 20, 28, 30, 31, 32: Eva María Jónsdóttir

Bls. 2, 3 (myndir af Evu M. og Svanhildi M.) og 28, miðjumynd:
Kristinn Ingvarsson

Bls. 3, 10, 12, 25, 26, 29, 30: Jóhanna Ólafsdóttir

Bls. 3 (mynd af Þórunni Sigurðardóttur): Þormar Vignir Gunnarsson

Bls. 6: Hjørleifur Jónsson

Bls. 7, efsta mynd og miðjumynd og bls. 24: Auður Rán Þorgeirsdóttir

Bls. 22: Roman Gerasymenko

Bls. 28, mynd t.v.: Halldóra Jónsdóttir

Bls. 29, miðjumynd: Elisabeth Waard

Bls. 31, miðjumynd: Andri Snær Magnason

Bls. 31, mynd t.h.: Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Hönnun

Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun

Svansprent

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Skrifstofa Árnagarði v/Suðurgötu
101 Reykjavík
sími 525 4010
arnastofnun@hi.is
www.arnastofnun.is